

# Starfsáætlun leikskólans Tjarnaráss 2023 – 2024



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera auk þess jafnréttisáætlun og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

# Efnisyfirlit

## FORMÁLI

1. INNGANGUR	5
2. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTAÁÆTLUN	7
2.1 Matsáætlun	7
2.2 Innra mat leikskólans	8
2.3 Innra mat Kærleiksheima skólaárið 2021-22	9
2.4 Innra mat Glaðheima skólaárið 2021-22	14
2.5 Innra mat Ljósheima skólaárið 2021-22	20
2.6 Innra mat Stjörnuheima skólaárið 2021-22	25
2.7 Skólaárið 2020-2021 voru eftirfarandi þættir starfsins metnir:	30
3. STARFSMANNAMÁL	31
3.1 Starfsmannahópurinn 1. maí	31
3.2 Starfsþróunarsamtöl	31
3.3 Símenntun frá síðasta ári	31
3.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	31
4. AÐRAR UPPLÝSINGAR	33
4.1 Barnahópurinn 1. maí 2022	33
4.2 Foreldrasamvinna	33
4.3 Samstarf leik- og grunnskóla	33
5. AÐRAR UPPLÝSINGAR	35
5.1 Almennar upplýsingar	35
5.2 Áætlanir	35
6. FYLGIRIT	36
6.1 Matsgögn	36
6.2 Aldursskipt námsskrá	41
6.3 Læsisáætlun 2021-2022	49
6.4 Árshjól SMT 2021-2022	51
6.5 Leikskóladagatal	52
Umsögn foreldraráðs	52

# 1. Inngangur

*Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburðir o.þ.h.*

Það er markmið kennara Tjarnaráss að í leikskólanum sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverjum nemanda er mætt á eigin forsendum. Helstu styrkleikar Tjarnaráss eru gott starfsfólk með víðtæka þekkingu og mikla reynslu sem vinnur af áhuga og eldmóð.

Við leggjum áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum þá til að leita til okkar. Við sendum foreldrum tölvupóst reglulega og erum með virka heimasíðu. Við erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt. Við leikskólann starfar foreldrafélag sem vinnur í samvinnu við stjórnendur leikskólans að ýmsum uppákomum fyrir börnin.

Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð hefur umsagnarétt um þessa starfsáætlun, skóladagatal og meiriháttar breytingar á skólastarfinu. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Ný námskrá Tjarnarás leit dagsins ljós í lok árs 2020 eftir mikla vinnu starfsfólks og er hún mikið breytt frá þeirri eldri og erum við mjög stolt af þeirri vinnu. Þar endurskilgreindum við stefnu leikskólans og gerðum hana skýrari.

Stefna Tjarnaráss er að búa börnunum öruggt og lýðræðislegt lærdómssamfélag þar sem siðgæðisvitund barna er eflað og lagður er grunnur að því að þau verði sjálfstæðir, hugsandi, skapandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Litið er á leikinn (Dewey) sem mikilvægustu námsleið barnsins og hlutverk kennarans er að styðja við nám barnanna í gegnum leik og umhverfi. Sýn leikskólans á börn er að þau séu fróðleiksfús, forvitin og virk í eigin lífi. Það er leikskólans að skapa öruggt og lærdómsríkt samfélag þannig að þau fái notið sín. Við viljum að það sem einkenni starfið sé að barnið sjálft sé í brennidepli í öllu leikskólastarfinu og að lögð sé áhersla á að hvert barn sé einstakt. Að starfsfólk virði þarfir og sérstöðu hvers og eins óháð getu, reynslu og þroska. Leikurinn er námsleið barna og í gegnum hann eflist þroski þeirra og geta.

Virðing og Ábyrgð eru þau leiðarljós/gildi sem vísa veginn í öllu starfi leikskólans. Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum er undirstaða velgengni bæði í leik og starfi. Að vera ábyrgur tákna að aðrir geta treyst á þig. Það felur líka í sér að gera eitthvað vel og eftir bestu getu. Eru þetta gildi sem við teljum mikilvægt veganesti fyrir nemendur okkar.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er einnig okkar leiðarljós í öllu leikskólastarfi. Öll börn eiga mannréttindi sem er mikilvægt að allir þekki. Í Barnasáttmálanum segir: Menntun á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa (9. grein).

Líkt og síðustu ár hefur starfsfólk leikskólans unnið eftir læsi stefnu Hafnarfjarðar, Lestur er lífsins leikur. Nú er læsi vinnan orðin föst í sessi í leikskólanum og hluti af daglegu starfi. Eins og áður hefur foreldrum verið sent fræðsluefni um mikilvægi lesturs og málþroska á haustönn. Starfsfólk Tjarnaráss lítur á leikinn sem aðal náms- og þroskaleið leikskólabarna og leitast við að fara skapandi leiðir að námsmarkmiðum þar sem áherslan er lögð á samþætt og skapandi leikskólastarf og samvinnu foreldra, starfsfólks og barna. Allar deildir vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein og vináttuverkefni Barnaheilla. Áfram var unnið samkvæmt vinnulagi Brúarinnar í að efla stuðning og þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Full styttingu vinnuvikunnar byrjaði í desember 2022 og hefur innleiðingin gengið ágætlega, en með verulegri aukningu undirbúningstíma leikskólakennara og hinsvegar fullri styttingu vinnuvikunnar hefur þetta aukið álag á starfsfólk og gert starfsumhverfið afar krefjandi. Við höfum hinsvegar verið einstaklega heppin með góðan faghóp og gott starfsfólk. Það má lítið út af bera til að álag vegna manneklu fari að bitna á því góða faglega starfi sem til staðar er, þess vegna er mikilvægt að horfa til þess að álag vegna veikinda og orlofs hefur áhrif á það starfsfólk sem eftir er. Aðlögun nýnema hófst um miðjan ágúst 2022 en sjáum fram á að geta ekki tekið inn ný börn nema þau sem eru á flutningi frá öðrum skólum haustið 2023. Eitt af stóru verkefnum í skólastarfinu er að halda vel utan um starfsmannahópinn og gæta þess að skólinn sé fullmannaður áður en við tökum inn öll börn. Árið 2022 stigum við jákvætt skref í átt að enn betra lærdómssamfélagi hér í Tjarnarási og bjuggum til nokkur teymi innanhús eins og Umhverfismennt, Barnasáttmála, læsis og Blær. Kennarar telja þetta vera árangursríka leið til að styrkja og efla skólamenningu Tjarnarás. Stefnum að því að halda því áfram veturinn 2023-2024

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?
- Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta.
- Hverjir munu taka þátt í matinu?

Veturinn 2023-2024 er áætlað að meta eftirfarandi:

Hver deild er með sína matsáætlun og úrbætur eins og sjá má hér að neðan.

## 2.2 Innra mat leikskólans

Innra mat er fagleg ígrunduð og greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum eða þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrir fram ákveðnum viðmiðum.

Matið gerir okkur kleift að kynnast starfinu og finna bestu leiðir til umbóta fyrir börn og starfsfólk.

Innra mat er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Í Tjarnarási fer fram símat á starfinu á starfsmanna- og deildarfundum yfir allt skólaárið. Mat á starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt. Oft kemur eitthvað upp í starfinu sem verður til umbóta og áhrifa á næstu árum. Skráning á öllum stundum og endurmat í lok þeirra vekur starfsfólk til gagnrýnnar hugsunar á hvað gekk vel og hvað ekki. Skráningar starfsfólks, bæði skriflegar og í formi ljósmynda eru notaðar sem matsgögn. Frásagnir barnanna ásamt huglægu mati starfsfólks, kannanir til foreldra og starfsfólks og ýmis eyðublöð og listar eru einnig dæmi um matsgögn sem notuð eru. Skólanámskrá var skipt niður í 5 hluta til að meta á fimm ára tímabili. Skólaárið 2020-21 var kaflinn sköpun metinn. 2021-22 var læsi og samskipti metinn og 2022-23 heilbrigði og vellíðan. Næsta skólaárið 2023-24 verður starf með Sjálfbærni og vísindi metið.

Á vorönn 2022 voru áætlanirnar yfirfarnar og endurmetnar: Áfallaáætlun, rýmingaráætlun, slysaáætlun og jafnréttisáætlun. Vorið 2022 var jafnréttisáætlun leikskólans endurskoðuð með tilliti til nýrra jafnréttislaga nr. 150/2020.

## 2.3 Innra mat Kærleiksheima skólaárið 2023-24

### Læsi:

Við fórum yfir gátlista um læsishvetjandi umhverfi og heilt yfir komum við vel út. Við leggjum mikla áherslu á bókalestur og veljum efnivið sem hæfir aldri barnanna. Lestrarstundir eru á hverjum degi þar sem er rýnt í bækurnar sem lesnar eru, spurt spurninga eftir lesturinn og ný orð skoðuð sérstaklega. Við skiptum börnunum niður í tvo hópa eftir ólíkum þörfum barnanna þar sem lesnar eru bækur sem hæfir hverju sinni. Bækur eru vel sýnilegar og aðgengilegar fyrir börnin. Málörvun er á hverjum degi í formi söngva og leikja með tungumálið í samveru þar sem við ræðum daginn og veginn, veðrið, dagana og erum með skipulagðar Lubba stundir. Við æfum okkur í að klappa atkvæði, æfum hljóðin sem stafirnir segja og börnin fá tækifæri til frásagnar. Unnið er með hljóðkerfisvitundina t.d. samsetningu orða, orðhlutaeyðingu, rím og hljóðgreiningu. Auk þess leggjum við reglulega inn vísur og þulur og tókum upp vísu mánaðarins aftur sem gekk mjög vel. Börnin eru hvött til að merkja verk sín með nafni og þau skrá sig inn í leikskólann á hverjum degi til að læra nöfnin sín. Við höfum boðið upp á hlustunarstundir í vetur sem vöktu mikla lukku meðal barnanna. Þá eru spilaðar sögur og ævintýri sem börnin geta hlustað á í ákveðnu rými.

Í vikulegu Lubba stundunum er lagt inn eitt hljóð í einu. Við æfum táknið sem fylgir hljóðinu og syngjum lagið, finnum síðan orð og nöfn sem innihalda hljóðið. Elstu börnin vinna nánar með hvert máhljóð, eru að finna orð sem byrjar á máhljóði yfir alla vikuna og skoða á landakorti hvert Lubbi ferðast í hverri viku. Við rifjum svo upp hljóðin og táknið reglulega. Hljóð sem búið er að fara yfir eru hengt upp á vegg og eru sýnileg.

### *Styrkleikar:*

Börnin eru mjög áhugasöm og hafa tekið framförum í stafabekkingu og að þekkja hljóðin sem stafirnir segja. Æfingar með hljóðkerfisvitundina hafa gengið mjög vel í samverustundum og börnin eru orðin fær í klappa atkvæði, setja saman orð, orðhlutaeyðingu og hljóðgreiningu.

### *Tækifæri til umbóta:*

Viljum vera duglegri að fara í heimsóknir á bókasafnið með litla hópa. Úrval bóka er ábótavant og mætti endurnýja stóran hluta til að geta skipt reglulega út. Við viljum gera ritmálið sýnilegra í umhverfi barnanna.

### *Daglegt starf:*

Við í Kærleiksheimum einblínum mikið á frjálsa leikinn og leggjum áherslu á að hann fái tíma og rými. Við reynum eftir bestu getu að vera til staðar fyrir börnin í frjálsa leiknum og aðstoða þegar upp koma ágreiningar eða átök. Reynum að aðstoða þau börn sem eiga erfitt með að koma sér inn í leik. Samverustundirnar hafa gengið mjög vel og eru fjölbreyttar. Hvert barn á sitt sæti sem er merkt með nafni. Við nýtum þær í málörvun, ræðum um daginn og veginn, syngjum saman og segjum sögur. Öll börn fara út 1 sinni á dag og útiveru er ekki sleppt nema í brýnni nauðsyn. Við höfum auk þess farið í göngutúra í hópastarfi í vetur sem hefur gengið mjög vel og fært námið út þegar veður leyfir. Hópastarfið hefur gengið vel í vetur og höfum við að mestu nýtt flæðandi hópastarf þar sem börnin skiptast á að taka þátt og geta leikið þess á milli. Einnig höfum við verið með stöðvavinnu þar sem börnunum er skipt í litla hópa og skiptast síðan á í ákveðnum verkefnum.

### *Styrkleikar:*

Við erum miklir útigarpar á Kærleiksheimum og höfum verið dugleg að fara út í öllum veðrum í vetur, stutt útivera er betri en engin útivera. Samverustundirnar hafa gengið mjög vel og börnin mjög móttækileg í samverustundum, sýna mikinn áhuga og taka virkan þátt.

### *Tækifæri til umbóta:*

Við viljum leggja meiri áherslu á hlutverkaleikinn og finna efnivið sem við getum nýtt í hann. Við ætlum að taka okkur á í að skipta út efnivið reglulega inn á deild og efla mottuvinnuna. Við ræddum það að prófa að skipta útiverunni næsta haust, vera með helming hópsins í hópastarfi og hinn helminginn í útiveru fyrir hádegi, skipta síðan hópunum eftir hádegi.

### *Vináttuverkefni Barnaheilla:*

Vináttuverkefni Barnaheilla eða Blær eins og við köllum það í daglegu tali var tekið með trompi á vorönn. Eftir að Covid skall á þurftum við að gefa Stóra Blæ nýtt hlutverk þar sem hann hafði farið heim með börnum og upplifað þeirra heim. Núna var kominn tími til að dusta rykið af honum og finna honum nýtt hlutverk inn á deild. Verkefnið vinur dagsins varð til. Við höfðum það þannig að eitt barn var vinur dagsins og hlutverk þess og Blæs var að vera stuðningur við börnin og hjálpa þeim við að leysa úr ágreiningi þegar hann kom upp, einnig að vera til staðar ef eitthvað barn hefur þurft á því að halda. Útbúið var horn fyrir Blæ þar sem hann átti heima, settur var dúkur á borðið, börnin perluðu fyrir Blæ, teiknuðu fyrir hann og höfðu greiðan aðgang að stóra Blæ þegar þeim hentaði. Einnig var hann tákn fyrir vináttu og með því að hafa hann sýnilegan í okkar umhverfi þá var hann góð áminning um það sem Blær hefur kennt okkur. Einu sinni í viku voru Blæstundir. Í þeim stundum



var eitt verkefni tekið fyrir eins og til dæmis lesnar sögur um grunnildin fjögur (umhyggju, umburðarlyndi, hugrekki og virðingu), teknar fyrir klípusögur og rætt um tilfinningar og lesið um þær. Mikil áhersla hefur verið á tónlist í Blæ stundum til að börnin tengi við textann og lögin. Okkar aðal áhersla er að þau læri að bera virðingu fyrir litla og stóra Blæ. Starfsfólk hefur lagt sig fram við að leggja orð á tilfinningar sem börnin eru að upplifa og viðurkenna þær. Einnig hefur starfsfólk verið duglegt að vísa í Blæ verkefnerin. Þá höfum við verið dugleg að hlusta á tónlist sem fylgir Blæ og verið að grípa í leiki sem eru í efninu í samverustundum.

#### *Styrkleikar:*

Börnin eru farin að bera meiri virðingu fyrir Blæ. Þeim finnst gaman að fara í Blæ stundir og finnst námsefnið skemmtilegt. Einnig eru þau farin sjálf að vísa í efnið með lausnaleit við árekstrum og nota frasa úr námsefninu í daglegu tali.

#### *Tækifæri til úrbóta:*

Að allir muni eftir að draga vin dagsins og að vera með þær stundir alveg fastar á móti til dæmis salnum eða eitthvað í þá áttina. Einnig að muna að viðhalda þessu verkefni eftir sumarfrí svo það lognist ekki út af.

#### *Barnasáttmálinn:*

Þurfum að taka okkur á með barnasáttmálann, höfum ekki verið nógu duglegar að vinna með hann beint. Við höfum þó unnið með nokkra þætti hans og þá sérstaklega í samverustundum. Börnin fá að hafa áhrif á starfið, þau eru spurð um skoðanir, þau fá að kjósa um bækur, hvað er gert í hópstarfi og fleira. Við tölum reglulega um að við erum ólík en stöndum jöfn og höfum sömu réttindi og berum virðingu fyrir hvort öðru. Börnin fá tækifæri á hverjum degi til að tjá sig og sínar skoðanir.

#### *Styrkleikar:*

Börnin fá að hafa áhrif og eru virkir þátttakendur í starfi deildarinnar, áhugasvið þeirra fær að ráða för í skipulagningu hópstarfs og annarra stunda.

#### *Tækifæri til umbóta:*

Það sem við ætlum að bæta okkur í, er að tengja meira við Barnasáttmálann. Starfsfólk ætlar að rifja upp og fara yfir sáttmálann aftur og leggja sig fram við að tengja starfið betur við sáttmálann því það er margt sem við gerum sem samræmist gildum hans. Einnig að gera vinnuna með sáttmálann sýnilegri fyrir foreldrum. Barnasáttmála teymið ætlar í markvissa vinnu í haust þar sem teknar verða fyrir sérstakar greinar í barnasáttmálanum.

#### *Uppeldisfræðilegar skráningar:*

Við höfum verið mjög dugleg að setja inn myndir í vetur af starfinu og gert það sýnilegt. Daglega voru skráð verkefni dagsins á sérstakt mánaðardagatal sem hékk í fataklefa. Settar voru inn vikufréttir samvissusamlega í allan vetur þar sem farið var yfir starf vikunnar og tengt reglulega við heimildir um ólík málefni, t.d. útiveru, læsi og hvaða nám á sér stað hjá börnunum í ólíkum viðfangsefnum. Við hengjum reglulega upp myndir og sköpunarverk eftir börnin. Listaverkum barnanna er síðan safnað í ferilmöppuna þeirra sem verður afhent þegar þau útskrifast. TRAS skráningarlistinn er fylltur út tvisvar sinnum á ári og þannig fylgst með málþroska barnanna.

#### *Styrkleikar:*

Að okkar mati er starfið mjög sýnilegt foreldrum og við höfum fengið góðar undirtektir frá þeim. TRAS skráningar hafa gengið vel og niðurstöður þeirra nýttar til að vinna markvissara með börnunum.

### *Tækifæri til umbóta:*

Við ræddum um að það gæti verið skemmtileg viðbót við skráningarnar að skrifa niður í sérstaka bók skemmtilega frasa og sögur frá börnunum.

### **Elstu börnin:**

Í vetur hefur áherslan í starfi með elstu börnum verið á læsi og stærðfræði ásamt skapandi starfi. Við dýpkuðum vinnu okkar með Lubba, bættum við landakorti þar sem við merktum inn hvert á landið Lubbi ferðaðist með hverju máhljóði. Einnig lögðum við meiri áherslu á Lubba táknið, merktum nöfn með táknum barnanna og hefur sú vinna skilað sér í aukinni færni barnanna á táknum. Við tókum eitt máhljóð fyrir í hverri viku, skrifuðum stafinn og fundum orð og hluti sem byrja á máhljóðinu.

Hádegisvinnan hefur verið mjög fjölbreytt, við unnum ýmis borðverkefni t.d. vinna í stærðfræðibókum og ýmis verkefnablöð en einnig nýttum við leikinn og skapandi aðferðir í miklum mæli. Spiluð voru fjölbreytt spil sem æfa hljóðkerfisvitundina og börnin spreyttu sig í sögugerð. Við erum mjög ánægð með þá vinnu sem við höfum náð að vinna með elstu börnunum í vetur, bæði í gegnum Covid og síðan var mikið um langvarandi veikindi hjá starfsfólki sem bitnaði svoltið á faglega starfinu. Eftir áramót var unnið með nærumhverfi barnanna og þau sjálf. Við heimsóttum heimili allra barnanna og merktum síðan inn á stórt götukort hvar hver ætti heima til að átta sig á fjarlægðum milli þeirra. Við fórum einnig í fjölmarga göngutúra um hverfið til að kynna nærumhverfi okkar betur, t.d. Ásfjall, Ástjörn og Skógræktin. Í vetur var nýjung í vinnunni með elstu börnunum en við fórum í vikulegar ferðir niður í Haukahús þar sem við fengum afnot af íþróttasal. Þessar ferðir voru hápunktur vikunnar hjá krökkunum og teljum við að þetta aðstoði börnin í færslunni milli skólastiga, þau þekkja þá ferlið betur að fara í íþróttir, fara í búningsklefa og fara eftir fyrir mælum.

Útskriftarferðin var farin þann 31. maí í Skátalundinn við Hvaleyrravatn. Ferðin gekk svakalega vel og voru börn og fullorðnir mjög ánægðir með ferðina. Útskriftin sjálf var haldin í sal leikskólans þann 1. júní. Börnin höfðu æft lög sem þau völdu sjálf og sungu í útskriftinni ásamt því að vera með listasýningu á sjálfsmyndum sem þau gerðu. Í lok athafnar var síðan sýnt útskriftar myndband þar sem börnin höfðu svarað ýmsum spurningum um framtíðina og hvers þau ættu eftir að sakna frá Tjarnarási.

### *Styrkleikar:*

Heilt yfir erum við mjög ánægð með starfið í vetur, náðum að halda úti faglegu starfi í erfiðum aðstæðum. Við erum mjög ánægð með hvað Lubba starfið gekk vel og börnin höfðu mikinn áhuga á máhljóðunum, stöfunum og táknum.

### *Tækifæri til umbóta:*

Hefðum viljað hafa meira núvitundarstarf, t.d. jóga og slökun.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðilar	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Viðmið um árangur
Læsi	Heimsóknir á bókasafn Bókaúrval ábótavant Leggja inn vísur og þulur	Skipuleggja bókasafns-ferðir í upphafi annar Skipuleggja vísur/þulur mánaðarins Vanda bókakaup	Læsis-teymi	Allt árið	Allt árið	-TRAS listar - Hljóm-2 - Gátlisti um læsishvetjandi umhverfi	Fara í gegnum gátlista og athuga hvernig okkur gengur. Rýna í TRAS og Hljóm-2 niðurstöður
Vináttuverkefni Barnaheilla	Viðhalda verkefnavinnu Virkja alla starfsmenn	Halda skráningarblöð yfir Blæ vinnu.	Blæs- teymi	Haut 2023	Júní 2024	Skráningar og endurmat á skipulagsdögum	Rýna í samskipti og leik barnanna
Barnasáttmálinn	Markvissari vinna Gera sýnilegra fyrir foreldrum	Gera barnasáttmálann sýnilegri meðal barnanna	Barnasáttmálateymi/allir	Allt árið	Allt árið	Endurmat í janúar	Huglægt mat hvort börnin þekki barnasáttmálann Vinna markvissar með ákveðnar greinar barnasáttmálans.

<b>Daglegt starf</b>	<p>Skipta út efnivið reglulega</p> <p>Fylgja meira aldursskiptri námskrá</p>	<p>Sjá til þess að skipt sé út efnivið í upphafi mánaðar</p> <p>Hafa námskránnu sýnilega og fylgja henni</p>	Allir	Allt árið	Allt árið	<p>Fylgjast með leik barnanna og hvaða efniviður er notaður</p> <p>Rýna reglulega í námskránnu og tengja markmið við hana</p>	<p>Leikur barna verði fjölbreyttari og efniviður ýti undir sköpun</p> <p>Fara yfir námskrá á skipulagsdögum og sjá hvað við erum að gera</p>
<b>Uppeldisfræðilegar skráningar</b>	Útbúa skráningar á skemmtilegum frösum og sögum frá börnum	Hafa sérstaka bók þar sem starfsfólk skráir niður um leið	Deildarstjóri	Allt árið	Allt árið	Rýna reglulega í bókina og telja skráningar hjá hverju barni	Að það séu skráningar frá öllum börnum sem fara í útskriftarmöppu
<b>Elstu börn</b>	Meiri núvitundarvinna	Kynna sér betur núvitundarstarf og jóga	Allir	Allt árið	Allt árið	Fylgjast með breytingum á hegðun með aukinni núvitundarvinnu	Huglægt mat um árangur og núvitundarvinnu

## 2.4. Innra mat Glaðheima skólaárið 2023-24

Læsi:

Styrkleikar:

Á deildinni er gott úrval af bókum sem börnin hafa aðgang að í þeirra hæð og að minnsta kosti einu sinni á dag, yfirleitt eftir útiveru, skoða börnin bækurnar sjálf. Á hverjum degi er lesið fyrir börnin í litlum hópum, auk þess sem hlustað er á sögur í hvíld og hópastarfi.

Í hópastarfi og samverustundum er reglulega og markvisst unnið með læsi á fjölbreyttan hátt eftir aldri og þroska barnanna. Þar má nefna að við grípum mikið í rímispil, förum með rím-þulur, klöppum atkvæði og margt, margt fleira. Vikulega er unnið með Lubba. Allt efni tengt Lubba er sýnilegt börnunum, bæði á deildinni þar sem málbein með hverjum staf fyrir sig eru hengd upp, en einnig í fataklefanum, þar sem við hengjum upp staf, tákni og orð vikunnar.

Mikil áhersla er á læsi hvetjandi umhverfi á deildinni. Mánuðir, tölur, form og bókstafir sýnilegt í hæð barnanna, sem og afmælis dagar barnanna. Jafnframt eru allir helstu hlutir merktir, svo sem borð, gluggar, leikfangahirslur o.fl. Börnin stimpla sig inn og út úr leikskólanum með nafnaspjaldinu sínu við inngang deildarinnar. Í samveru eru pláss barnanna merkt með nöfnum þeirra, einnig eru hólfin í fataklefanum merkt. Við leggjum mikla áherslu á að ræða við börnin og hvetja þau til að tjá sig og eiga í samræðum hvert við annað, við matarborðið, í hópastarfi og í samveru. Þegar við lesum fyrir börnin erum við meðvituð um að stoppa og spyrja út í textann, notum tækifærið einnig til að leggja inn ný orð með því að spyrja börnin út í stök orð úr textanum, en þannig dýpkum við orðaforða þeirra. Krakkarnir fá að koma með bækur að heiman og það hefur ýtt undir áhuga barnanna á bókum. Við erum jafnframt dugleg að setja orð á athafnir og hvetja börnin til að tjá sig sjálf – bjóðum þeim t.d. ekki meiri mat, heldur bíðum eftir að þau biðji um meira.

Tækifæri til umbóta:

*Erum farin að fara á bókasafnið einu sinni í mánuði og það gengur vel. Vorum með hlustunarhorn inni í samveruherberginu og það gekk þokkalega, færðum það yfir í litla herbergið og okkur fannst það ganga betur. Mættum vera duglegri að halda því áfram.  
Ætlum að setja Gefðu 10 áminningu á vegginn til að minna okkur á að framkvæma þetta.*

Vináttuverkefni Barnaheilla:

Styrkleikar:

Haldnar voru tvískiptar Blæstundir einu sinni í viku. Helmingur barnanna fór í salinn og hinn í Blæstund. Stundirnar voru aldursblandaðar sem studdi við yngri börnin því þau höfðu eldri börnin sem fyrirmyndir í umræðum. Gott jafnvægi var á notkun námsefnisins, tónlistin, klípusögurnar, umræðuspjöldin og nuddsögurnar. Auk þess var unnið mikið sjónrænt með efnið, bangsarnir voru notaðir í félagsfærnisögum. Það er að segja, farið var í hlutverkaleik með Blæ

og stóri bangsinn sýndi annars vegar „réttu hegðun“ og hins vegar „ranga hegðun“ t.d. varðandi það hvernig staðið er í röð. Börnin eru mjög meðvituð um að þau geta náð sér í Blæ þegar þeim líður illa og mörg þeirra sækjast eftir því. Það finnst okkur jákvætt og sýnir að kennslan er að skila sér til barnanna.

#### Tækifæri til umbóta:

Mættum grípa oftari í námsefnið þegar upp kemur ágreiningur í barnahópnum.

Einnig gætum við verið duglegri að benda þeim á að ná sér í Blæ ef þeim líður illa. Kærleiksheimar eru að gera flotta hluti og draga einn vin fyrir Blæ yfir daginn. Það væri gaman að koma því inn hjá okkur líka. Væri einnig gaman að endurvekja að krakkarnir fái að taka Blæ með sér heim um helgar eftir sumarfrí.

#### Barnasáttmálinn:

##### Styrkleikar:

Börnin hafa mikið val um þau viðfangsefni sem þeim er boðið upp á í daglegu starfi. Barnasáttmálinn er hafður sýnilegur uppi á vegg í hæð barnanna. Við vinnum markvisst með Blæ, en við teljum Blæ gott verkfæri til að vinna með ákveðna þætti barnasáttmálans. Við vinnum mikið með lýðræði á þann hátt að börnin fá reglulega að kjósa um t.d. það sem unnið er með í hópastarfi, kjósa um SMT umbun. Börnin fá að velja sér verkefni í frjálsum leik, gott úrval er af leikefni svo allir geta fundið sér eitthvað sem hæfir þeirra áhugasviði.

Einkunnarorð leikskólans eru virðing og ábyrgð og reynum við að hafa þau að leiðarljósi í öllu daglegu starfi og teljum við þau koma inn á Barnasáttmálann. Við hvetjum börnin til að tjá skoðanir sínar og bera virðingu fyrir skoðunum annarra.

#### Tækifæri til umbóta:

Við gætum lagt okkur enn frekar fram við að leyfa börnunum að hafa meira um það að segja hvað gert er í daglegu starfi.

#### Daglegt starf:

Í upphafi dags er frjáls leikur og flæðandi morgunmatur. Við erum með spjald uppi á vegg þar sem við bjóðum upp á 4 verkefni sem börnin geta valið um. Leggjum áherslu á rólegheit í morgunsárið.

Tvisvar í viku höfum við hópastarf sem ýmist er sameiginlegt og í flæði eða hver hópur fyrir sig. Þar vinnum við meðal annars með sköpun, málörvun, læsi og stærðfræði. Við tökum stundum fyrir ákveðin þemu. Einu sinni í viku er farið í salinn í skipulagðar hreyfistundir. Ef Sandra er ekki sjáum við um þær sjálf og setjum þá upp þrautabraut eða förum í leiki sem efla hreyfiproska barnanna.

Einu sinni í viku er Lubbastund þar sem börnin læra eitt máhljóð í viku. Allir hlusta á söguna og lagið og hitta Lubba.

Einu sinni í viku er Blæstund. Almennt hefur gengið mjög vel og verið mikil ánægja með Blæstundirnar.

Hópurinn fer í hvíld, þar sem þau slaka á og hlusta á sögur eða slökunartónlist, það er hluti af núvítundarstarfi deildarinnar að börnin hvílist, jafnframt er hvíld mikilvæg fyrir allan almennan þroska ungra barna.

Eftir hádegi er alltaf útivera, þannig að farið er út minnst einu sinni á dag. Eftir kaffitíma er föst lestrarstund þar sem lesið er í litlum hópum skipt eftir aldri ef nóg er af mannskap. Í lok dags er rólegur leikur þar til börnin eru sótt. Klukkan fjögur höfum við svo verið með ávaxtastund sem bæði börn og fullorðnir eru ánægðir með.

#### Styrkleikar:

Ýtt er undir frjálsan leik, útiveru, tengsl við nærumhverfið (fjallið), hæfni að búa til gott samband milli krakkana sem og starfsmenn, gott andrúmsloft.

#### Tækifæri til umbóta:

Við viljum nýta námsumhverfið okkar betur (inni sem úti) í öðruvísi leiki t.d. hlutverkaleiki og byggingaleiki.

Viljum vinna með stutt eða langtíma þema til gera daglega starfið fjölbreyttara.

Viljum fara í fleiri vettvangsferðir og nýta strætó meira .

#### Nýtt dagskipulag

Í upphafi dags eru í boði róleg verkefni. Krakkarnir fá ýmist að velja sjálf eða það eru sérstök verkefni í boði sem hanga á veggspjaldi við hurðina. Á þessum tíma er einnig flæðandi morgunmatur.

Tvisvar í viku er hópnum skipt upp eftir aldri (2017 og 2018). Annar hópurinn fer í útikennslu á meðan hinn er í hópastarfi. Í útikennslunni er lögð áhersla á að kynnast nærumhverfinu eins og Ásfjalli og taka tillit til náttúrunnar og hreyfingu. Einnig er farið í málörvun, læsi og stærðfræði. Í hópastarfinu vinnum við meðal annars með sköpun, málörvun, læsi og stærðfræði. Einu sinni í viku er öll deildin saman og þá er annað hvort farið út eða í stöðvavinnu. Lubbi kemur í heimsókn einu sinni í viku að finna málbein, við hlustum á söguna sem tengist máhljóði þess stafs og hlustum og syngjum lagið.

Einu sinni í viku er farið í salinn í skipulagðar hreyfistundir. Ef Sandra er ekki sjáum við um þær sjálf og setjum þá upp þrautabraut eða förum í leiki sem efla hreyfiþroska barnanna. Á móti salnum er farið í Blæstund.

Á föstudögum er svo sameiginleg söngstund hjá öllum leikskólanum þar sem við hittumst í salnum og deildirnar skiptast á að sjá um sönginn.

Öll deildin fer í hvíld í hádeginu, þar sem þau slaka á og hlusta á sögur eða slökunartónlist. Það er hluti af núvitundarstarfi deildarinnar að börnin hvílist, jafnframt er hvíld mikilvæg fyrir allan almennan þroska ungra barna. Alltaf eftir hádegi er útivera, þannig að það er alltaf farið út einu sinni á dag. Við erum með flæðandi kaffitíma eftir útiveru. Meðan krakkarnir eru að drekka eru hinir krakkarnir í verkefnum inni á deildinni.

Í lok dags er rólegur leikur þar til börnin eru sótt. Klukkan fjögur höfum við svo verið með ávaxtastund – sem bæði börn og fullorðnir eru ánægð með.

**Styrkleikar:**

Krakkarnir fá að vera mikið í frjálsum leik og við erum mjög ánægð með útikennsluna.

**Tækifæri til umbóta:**

Við myndum vilja koma inn meira af þema verkefnum eins og til dæmis húsdýr og tröll. Værum einnig til í að vinna meira með hinum deildunum eins og að fá þær meira með okkur í útikennslu. Við viljum einnig vera duglegri í að fara í vettvangsferðir t.d. á bókasafnið.

**Uppeldisfræðilegar skráningar:**

**Styrkleikar:**

Starfið er mjög sýnilegt og auðvelt er fyrir foreldra að sækja sér upplýsingar um daglegt starf. Við erum dugleg að taka myndir og notum til þess Karellen appið. Á föstudögum er sett inn vikufrétt á heimasíðu leikskólans þar sem við segjum frá því sem við höfum verið að gera í þeirri viku. Við skráum á hverjum degi hvað við höfum verið að gera þann daginn á mánaðardagatalið okkar sem má finna á upplýsingatöflunni við fataklefann.

Við setjum tölvuna fram í lok dags þar sem foreldrar geta skoðað með börnunum á glærusýningu hvað var verið að gera í útikennslunni og öðrum verkefnum yfir daginn.

**Tækifæri til umbóta:** Myndum vilja vera enn duglegri að búa til mynda- og textaskráningar.

Viljum vera duglegri að gera myndirnar sem krakkarnir gera sýnilegri fyrir foreldra með því að hengja þær upp.



Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðilar	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Viðmið um árangur
Læsi	Heimsóknir á bókasafn Bókaúrval ábótavant Leggja inn vísur og þulur	Skipuleggja bókasafns-ferðir í upphafi annar Skipuleggja vísur/þulur mánaðarins Vanda bókakaup	Allir	Allt árið	Allt árið	Fylgjast með leik barnanna og hvaða efniviður er notaður Rýna reglulega í námskránnu og tengja markmið við hana	Leikur barna verði fjölbreyttari og efniviður ýti undir sköpun Fara yfir námskrá á skipulagsdögum og sjá hvað við erum að gera
Vináttuverkefni Barnaheilla	Viðhalda verkefnavinnu Virkja alla starfsmenn	Halda skráningarblöð yfir Blæ vinnu	Blæs- teymi	Haust 2023	Júní 2024	Skráningar og endurmat á skipulagsdögum	Rýna í samskipti og leik barnanna
Barnasáttmálinn	Markvissari vinna Gera sýnilegra fyrir foreldrum	Gera barnasáttmálann sýnilegri meðal barnanna	Barnasáttmálateymi/allir	Allt árið	Allt árið	Endurmat í janúar	Huglægt mat hvort börnin þekki barnasáttmálann Vinna markvissar með ákveðnar greinar barnasáttmálans.

<b>Daglegt starf</b>	Skipta út efnivið reglulega  Fylgja meira aldursskiptri námskrá	Sjá til þess að skipt sé út efnivið í upphafi mánaðar  Hafa námskránna sýnilega og fylgja henni	Allir	Allt árið	Allt árið	Fylgjast með leik barnanna og hvaða efniviður er notaður  Rýna reglulega í námskránna og tengja markmið við hana	Leikur barna verði fjölbreyttari og efniviður ýti undir sköpun  Fara yfir námskrá á skipulagsdögum og sjá hvað við erum að gera
<b>Uppeldisfræðilegar skráningar</b>	Útbúa skráningar á skemmtilegum frösum og sögum frá börnum	Hafa sérstaka bók þar sem starfsfólk skráir niður um leið	Allir	Allt árið	Allt árið	Fylgjast með breytingum á hegðun með aukinni núvitundarvinnu	Huglægt mat um árangur og núvitundarvinnu

## Innra mat Ljósheima skólaárið 2023-24

Læsi:

### Styrkleikar:

Í Ljósheimum er læsi hvetjandi umhverfi, þar sem lögð er áhersla á mál og söng. Það er lesið fyrir börnin a.m.k. einu sinni á dag í litlum hópum með sögur sem hæfa hverjum hópi fyrir sig. Börnin hafa haft aðgengi að bókum en því miður þá þurftum við að minnka aðgengi að þeim vegna þess að umgengni um þær var ábótavant. Á Ljósheimum er mikið um söng í samverustundum og hafa börnin lært mikið af lögum og textum. Við erum líka dugleg að hlusta á allskonar tónlist frá hinum og þessum löndum. Með því læra börnin að það eru til fleiri tungumál en íslenska, þó aðal áherslan sé að sjálfsgöðu íslenskt mál í tali og söng. Einnig er hlustað á sögur til að æfa hlustun. Við nýtum samverustundir líka í að læra vísur og rím, klöppum atkvæði í orðum, spjöllum um það sem börnin hafa verið að gera. Við erum með Lubbastundir einu sinni í viku þar sem Lubbi kemur með málbein og kennir börnunum hljóð hvers starfs fyrir sig, tákn þeirra og svo er hlustað á lög sem tilheyra hverjum staf og hljóði hans. Á veggjum deildarinnar eru hangandi bókstafir með myndum sem tilheyra þeim, tölustafir eru einnig hangandi á veggjunum með jafnmörgum Lubbum og tölustafurinn er. Á vorönn 2022 höfum við aukið sýnileika bókstafa og tölustafa inni á deildinni. Þar sem á deildinni eru yngstu börnin höfum við nú tekið inn Lubba og erum að vinna eingöngu með stafina, hljóðin og tákn þeirra og lögin við hvern staf. Við höfum nýtt Youtube til að læra enn betur táknin og hreyfingar við Lubba lögin.

### Tækifæri til úrbóta:

Við viljum alltaf bæta læsi hvetjandi umhverfi deildarinnar t.d. með því að merkja stóla og borð ásamt öðrum hlutum deildarinnar. Halda áfram að vera dugleg að lesa fyrir börnin og mættum við vera duglegri að finna fjölbreyttari bækur og vinna meira út frá þeim ýmiskonar skemmtileg verkefni eins og að teikna, leira og svo mætti lengi telja.

### Vináttuverkefni Barnaheilla:

#### Styrkleikar:

Í Ljósheimum eru Blæstundir einu sinni í viku en þá kemur stóri Blær til okkar og kennir okkur margt sniðugt tengt vináttunni. Allir krakkarnir eiga sinn eigin lítinn Blæ sem þau hafa frjálstan aðgang að. Þau eru dugleg að ná í hann í daglegu amstri og þegar þeim vantar knús eða líður illa því þá er Blær oft huggun, þau eru dugleg að færa hvert öðru bangsann ef einhverjum líður ekki vel. Við erum dugleg að nýta spjöldin sem fylgja verkefninu og hafa börnin m.a. verið að læra að lesa í svipbrigði hjá hvert öðru. Verkefnatöskunni fylgja ýmsar hugmyndir um leiki, slökun og nudd og höfum við aðeins nýtt það. Við erum mjög dugleg að hlusta á lögin um Blæ og eru börnin farin að læra þau og syngja með.

### Tækifæri til úrbóta:

Skipulagðar Blæstundir verða á miðvikudögum. Við ætlum að búa til „kósi“ horn sem Blær á og börnin geta nálgast hann eftir þörfum. Við þurfum að vera duglegri að hafa stundirnar markvissari og skrá þær niður.

### *Daglegt starf:*

#### Styrkleikar:

Við í Ljósheimum leggjum mikla áherslu á sköpun. Sköpun er mikil í daglegu lífi og felst hún ekki einungis í málningarvinnu eða að teikna. Hún felst í því að uppgötva, njóta, örva forvitni sína og áhuga, nota ímyndunaraflíð í að leika sér með þá möguleika sem umhverfið hefur upp á að bjóða. Við höfum því lagt mikla áherslu á að hafa barnið í brennidepli og að það fái að njóta sín í öllum aðstæðum. Frjálsi leikurinn hefur fengið mikið rými og sjáum við starfsfólkið sköpunargleðina njóta sín hjá börnunum og hversu mikið þroski þeirra eykst í gegnum leikinn. Við bjóðum upp á opinn efnivið s.s. einingarkubba, holukubba, leikdeig (sem börnin fá að hjálpa til við að búa til), vatn, liti, pappír og margt fleira. Með þessum efnivið fá börnin mikinn hvata í að nota hugmyndaflug sitt í leikinn. Við höfum verið dugleg að syngja og kynna börnin fyrir margskonar lögum frá ýmsum löndum og leikum okkur með hljóðfæri. Við höfum aðeins verið að kynna þau fyrir ýmsum lögum með dónsum eins og fyrst á réttunni, ein ég sit og sauma ásamt fleiri lögum. Samverustundir eru tvisvar til þrisvar sinnum á dag, við setjumst á nöfnin okkar og förum yfir daginn í morgunsamverunni t.d. . veljum veðurfræðing, umsjónarmenn, og fáum ávexti. Í hádegissamverunni syngjum við og að því loknu fáum við okkur hádegismat. Síðdegis þá er lesið í litlum hópum og hefur það gefist vel. Við förum út flest alla daga þegar veður leyfir og þá nýtum við útisvæðið vel. Með vorinu erum við farin að æfa okkur meira í gönguferðum og skoðum þá nærumhverfið okkar. Hópastarf er tvisvar sinnum í viku og erum við ýmist í litlum hópum, hver hópur að gera sitt verkefni eða þá í flæðandi hópastarfi þar sem allir eru að vinna að því sama. Við metum síðan starf deildarinnar árlega og förum yfir það sem vel fór og það sem betur má fara. Hádegismatur er kl. 11:30 og eru börnin byrjuð að æfa sig í að ganga frá diskunum eftir matinn og gengur það mjög vel miðað við aldur barnanna. Eftir hádegismatinn fara börnin síðan í hvíld þar sem þau hvílast vel við rólega tónlist. Að lokinni hvíld er útivera en fram að þessu höfum við nýtt morgnana vel í útiveruna því börnin hafa þurft mikinn svefn þar sem þau eru það ung. Með vorinu erum við farin að stytta svefninn og förum út þegar veður leyfir. Eru börnin orðin mjög dugleg að æfa sig í að klæða sig í og úr útifötunum. Eftir útiveru skoða börnin bækur með kennara og fá nýja bleyju. Síðan fáum við okkur nónhressingu og að henni lokinni leika þau sér í frjálsum leik þangað til við förum í salinn með vinum okkar á Stjörnuheimum og hefur það samstarf gengið mjög vel.

#### Tækifæri til úrbóta:

Við ætlum að halda áfram á sömu braut með starfið okkar, þar sem það hefur gengið vel og starfið verið fjölbreytt. Það væri gaman að fá fjölbreyttari efnivið inn á deildina eins og einingakubba og nýrri leikföng sem bjóða upp á meiri möguleika til ímyndunarleiks og sköpunar hjá börnunum.

#### *Barnasáttmálinn:*

### Styrkleikar:

Við í Ljósheimum höfum það að leiðarljósi að börnin hafi mikið val hvað varðar viðfangsefni og verkefnaval hvers dags. Starfsfólk Ljósheima hefur lagt sig fram í að fá börnin til að tjá skoðanir sínar til að allir geti lagt sitt á vogarskálarnar hvað varðar skoðanir og langanir. Við erum fyrirmynd barnanna og því leggjum við mikla áherslu á kurteisi og nærgætni í framkomu okkar við börn, foreldra og samstarfsfólk. Gott samstarf á milli foreldra og leikskóla tryggir það að barn sé öruggt og jákvætt ásamt því að foreldrar upplifi öryggi að koma með börn sín í leikskólann og skilja þau eftir. Við kennum börnunum að skiptast á og styðjum þau í leik þannig að þau læri að brjóta ekki á öðrum og að enginn brjóti á þeim. Við hjálpum þeim að tjá langanir sínar, rétt og tilfinningar. Það er liður í að byggja upp örugg og hamingjusöm börn, það er að leyfa þeim að njóta sín m.a. að leyfa þeim að standa upp í samveru að syngja og segja frá. Til að kenna þeim lýðræði fá þau m.a. að velja þau lög sem þau langar að syngja í samveru, velja hvað þau vilja fá í geislaveislu og margt annað. Við sendum foreldrum reglulega tölvupóst þannig að þau fái að fylgjast með því sem fer fram á deildinni. Höfum við lagt mikla áherslu á að setja inn fréttir á Karellen ásamt því að senda tölvupóst. Við höfum alla tíð lagt mikla áherslu á að kenna börnunum almennt hreinlæti en núna höfum við stigið skrefinu lengra og sett upp myndrænar leiðbeiningar við alla vaska um það hvernig skal þvo hendur, ásamt því að syngja lög sem því tengjast.

### Tækifæri til úrbóta:

Við ætlum að vera meðvitaðri með að barnasáttmálinn fléttist inn í allt starf, t.d. skoðanir, menntun við hæfi, hagsmunir barna í fyrirrúmi, hvíld, tjáning, aðstoð við hæfi, föt við hæfi og eigin menning og tungumál.

### Uppeldisfræðilegar skráningar:

Í Ljósheimum erum við dugleg að skrá bæði skriflega skráningu og myndræna skráningu. Í skriflegri skráningu sendum við foreldrum pósta með fréttum af starfinu, setjum inn vikufréttir á heimasíðuna, skráum hvernig börnin borða og sofa. Við erum dugleg að taka myndir og setja inn á Karellen ásamt því að prenta út myndir fyrir hvert barn sem fer í ferilmöppuna þeirra. Ætlum að vera duglegri að skrá á Karellen þar sem síðan hefur verið í uppfærslu og mikið af tæknilegum örðu leikum.

### Styrkleikar:

Starf okkar í Ljósheimum er mjög sýnilegt og aðgengilegt fyrir foreldra og hafa þau gott aðgengi að upplýsingum um daglegt starf. Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar fái vikulega pósta um það sem við höfum verið að gera á leikskólanum. Sendum við það bæði í tölvupósti til foreldra ásamt því að setja vikufréttir á heimasíðu leikskólans. Við erum dugleg að taka myndir af börnunum og setja inn á Karellen. Í vikupóstunum eru settir hlekkir á hinar ýmsu fræðigreinar sem áhugavert er fyrir foreldra að lesa og höfum við einnig sett hlekkir inn sem eiga við hin ýmsu lög sem börnin eru að læra.

Við skráum inni á Karellen hvernig börnin borða og sofa, prentum út myndir af þeim í starfi og setjum í ferilmöppu hvers barns ásamt hinum ýmsu listaverkum frá þeim. Við hengjum upp myndir og ýmis konar listaverk sem börnin hafa gert bæði í fataklefa og inni á deild. Við erum dugleg að skipta út verkum sem sýnir foreldrum fjölbreytileikann í vinnu barnanna. Við skráum á mánaðardagatalið sem hangir í fataklefanum hvað við gerðum yfir daginn. Einnig hangir í

fataklefanum dagskipulag deildarinnar og er því aðgengilegt foreldrum. Við höfum í samvinnu við Stjörnuheima hengt upp greinagóða lýsingu á því þema/viðfangsefni sem við höfum unnið með í stöðvavinnunni sem við höfum unnið saman einnig hengjum við upp í fataklefanum Lubbi finnur málbein þar sem stafur, orð og tákni vikunnar er hverja viku.

#### Tækifæri til úrbóta:

Við viljum halda áfram á sama hátt að miðla til foreldra ásamt því að prenta út myndir sem verða sýnilegar í fataklefanum/ganginum þannig að börin geta sagt foreldrum sínum frá því sem þau hafa verið að gera og efla þar með sýnileika deildarinnar ásamt tjáningu barna.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðilar	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Viðmið um árangur
Læsi	Við viljum alltaf bæta læsi hvetjandi umhverfi deildarinnar	Merkja stóla og borð, ásamt öðrum hlutum deildarinnar	Deildarstjóri í samstarfi við aðra starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Gátlisti um læsi hvetjandi umhverfi, Tras listar og Orðaskil	Rýna í Tras og Orðaskil í gegnum gátlista hvernig skuli vinna með læsi innan deildarinnar.
Vináttu-verkefni Barnaheilla	Skrá stundirnar. Ath. með hvort ekki væri gaman að senda Blæ heim um helgar með börnunum.	Búa til möppu með skráningarblöðum.	Deildarstjóri í samstarfi við Blæsteymið	1.10 2023	1.6 2024	Endurmat í desember	Rýna í samskipti barnanna. Huglægt mat
Barnasáttmálinn	Flétta betur allt starf inn á deild í samstarfi við barnasáttmála teymi leikskólans	Aukið lýðræðisstarf innan deildarinnar	Allt starfsfólk inn á deild	Allt árið	Allt árið	Endurmat í janúar	Vinna markvisst með ákveðnar greinar barnasáttmálans
Daglegt starf	Fá einingarkubba inn á deild.	Bæta einingarkubbum inn sem námsleið fyrir börnin.	Deildarstjóri og allt starfsfólk á deildinni	Allt árið	Allt árið	Vera meðvitaður um þau markmið sem við setjum okkur.	Börnin læra að umgangast kubbana.

Uppeldisfræðilegar skráningar	Hafa myndir af starfinu sýnilegar í fataklefa	Prenta reglulega út myndir og hengja upp	Deildarstjóri /hópstjóri hvers árgangs.	Allt árið	Allt árið	Vera vakandi fyrir því að teknar séu reglulega myndir og prentaðar út	Börnin rifja upp það sem þau gerðu og sýna foreldrum sínum myndirnar.
-------------------------------	---	--	---	-----------	-----------	---	---



## 2.6. Innra mat Stjörnuheima skólaárið 2022-23

### Læsi

#### Styrkleikar:

Við erum meðvitaðar um að sinna læsi námi barnanna á deildinni á sem fjölbreyttastan hátt. Lubbastarfið hefur gengið virkilega vel í vetur og tókum við ákvörðun um að taka öll máhljóðin fyrir þegar við sáum hvað börnin voru áhugasöm, jafnt þessi eldri sem yngri, en vanalega hafa bara verið tekin nokkur hljóð á yngri deildum leikskólans. Við gættum þess að deildin væri læsi hvetjandi, samveran er merkt með nöfnum barnanna og myndum af þeim, tölustafir og bókstafir eru sýnilegir og í hæð barnanna, leikefnið er merkt og myndrænt dagskipulag er uppi við í hæð barnanna. Við merktum allt á deildinni svo það eru orð á öllum hlutum í hæð barnanna. Við erum meðvitaðar um að sinna markvissri málörvun við hvert tækifæri í daglegu starfi, við matarborðið, í fataklefanum, í bleiuskiptum og svo væri endalaust hægt að telja, með því að setja orð á athafnir, nota samheiti, spjalla við börnin og syngja fyrir þau. Þá eru samverustundir vel nýttar í málörvun, þar höfum við mikið klappað atkvæði, rímað, lesið, sungið, lagt inn orð, æft litina, talið, æft fyrsta hljóð í orði í gegnum söng og margt fleira. Þá eru fastar, getuskiptar lestrarstundir einu sinni á dag. Í lok þeirra hefur svo verið auka málörvun í gegnum leiki og spil. Í lestrarstundunum erum við meðvitaðar um að lesa bækur við hæfi getustigs barnanna, spyrja þau út úr söguþræðinum og efla orðaforða barnanna með því að kenna þeim og spyrja þau út í einstök orð.

#### Tækifæri til úrbóta:

Við ætlum að vinna með bók vikunna og velja þá úr henni það/þau orð sem við ætlum að leggja áherslu á. Dæmi: Í september lesum við Skrímslabækurnar, í fyrstu vikunni lesum við „Stór skrímsli gráta ekki“ og veljum þá ákveðin orð úr þeirri bók sem við viljum kenna börnunum. Við vinnum svo með bókina með því að til dæmis teikna myndir af skrímslunum, leira þau, hlusta á og syngja lög um skrímsli og svo framvegis – möguleikarnir eru endalausir.

### Vináttuverkefni Barnaheilla

#### Styrkleikar:

Áherslan í Vináttuverkefninu þennan veturinn var að vinna með tilfinningar og félagsfærni. Þar var markmiðið að kenna börnunum að setja orð á tilfinningar sínar, þar tókum við mestmegnis fyrir fjórar tilfinningar; gleði, reiði, hræðsla og sorg. Við lögðum einnig áherslu á að nýta klípusögurnar eða stóru söguspjöldin til að ræða og fræða eldri börnin um ýmislegt tengt félagsfærni. Þá lögðum við áherslu á að læra að skiptast á og deila. Með yngri börnunum var Vináttu-vinnan einfaldari, enda ekki mikið um umræður í þeim hópum. Mikil áhersla var þá lögð á að segja stopp og setja mörk ef einhver er að meiða eða skilja útundan. Þá nýttum við tónlistina líka mikið í samverustundum. Við erum líka ótrúlega ánægðar með það hvað börnin eru dugleg að sækja Blæinn sinn sjálf. Eldri börnin eru líka orðin ótrúlega flink í að þekkja tilfinningarnar sem við höfum verið að taka fyrir.

#### Tækifæri til úrbóta:

Næsta vetur stefnum við á að vera duglegri að grípa umræðuspjöldin í daglegu starfi. Skrá niður Blæstundirnar til að safna þeim í hugmyndabanka – þá verða stundirnar enn markvissari og við fáum betra tækifæri til að ígrunda hvað gekk vel og hvað illa og hvernig má bæta það. Einnig

langar okkur að hengja upp spjöldin eftir hverja notkun svo börnin geti skoðað þau, en það gefur börnunum tækifæri til að þróa umræðurnar og viðra frekar hugleiðingar sínar á málefninu sem kunna að vakna eftir að Blæ-stundin er liðin.

## Barnasáttmálinn

### Styrkleikar:

Við erum meðvitaðar um að virkja þátttöku barnanna í daglegu starfi leikskólans. Börnin hafa mikið val um þau viðfangsefni sem þeim er boðið upp á. Barnasáttmálinn er hafður sýnilegur uppi á vegg í hæð barnanna. Við vinnum markvisst með Vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ, en við teljum Blæ gott verkfæri til að vinna með ákveðna þætti barnasáttmálans. Við reynum að tvinna lýðræði inn í starfið á þann hátt að börnin fá til dæmis reglulega að kjósa um SMT umbun og hvaða bækur við lesum. Börnin fá líka að velja sér verkefni í frjálsum leik, gott úrval er af leikefni svo allir geta fundið sér eitthvað sem hæfir þeirra áhugasviði. Einkunnarorð leikskólans eru virðing og ábyrgð og reynum við að hafa þau að leiðarljósi í öllu daglegu starfi og teljum við þau koma inn á barnasáttmálann. Við hvetjum börnin til að tjá skoðanir sínar og bera virðingu fyrir skoðunum annarra.

### Tækifæri til úrbóta:

Við ætlum að halda áfram að veita börnunum tækifæri til að taka þátt í að móta starfið á deildinni, taka ákvarðanir um viðfangsefni og hafa áhrif á eigið líf.

## Daglegt starf

### Styrkleikar:

Við leggjum mikla áherslu á rólegheit í upphafi dags. Þá spilum við gjarnan rólega tónlist, róleg verkefni og höfum deyfð ljós. Morgunmatur er flæðandi. Á mánudögum er Sandra með salinn þar sem unnið er með grófhreyfingar. Hópastarf er tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Áherslan í daglegu starfi er frjálsi leikurinn og að efla félagslega færni. Á yngstu deild eru börnin að stíga sín fyrstu skref í leikskólanum og því mikilvægt að byggja góðan grunn í félagslegum samskiptum, samleik og þessum grunn atriðum í leikskólastarfinu eins og að fara í röð, efla sjálfstæði á klósettinu, að taka þátt og sitja í samverustundum og svo framvegis.

Á mánudögum í samveru er Lubbastund. Í lok hennar hefur svo verið unnið áfram með hljóðið sem börnin lærðu í Lubbastundinni í gegnum leikinn. Lubba stundir ganga vel en börnin eru svo ung að það er ekki farið mjög djúpt í stafavinnu.

Á föstudögum er frjáls leikur og söngstundir. Samverustundir eru tvisvar-þrisvar á dag. Þar er málörvun, hlustað á sögur og sungið, lesið og dansað. Hádegismatur er kl. 11:30. Eldri börnin eru farin að æfa sig að nota hnífa og smyrja sjálf og gengur það mjög vel. Þá er komið að hvíld. Það gengur vel og börnin hvílast vel, hlusta á slökunartónlist eða rólegar sögur. Eftir hvíld er útivera hjá eldri hópnum meðan hin sofa. Börnin eru dugleg a æfa sig að klæða sig sjálf, flest eldri börnin eru orðin nokkuð sjálfbjarga og þau yngri dugleg að æfa sig. Eftir útiveru skoða börnin bækur eða fara í stutta samveru fyrir nónhressingu. Eftir nónhressingu er lesið í litlum aldurs- og getuskiptum hópum. Þá er boðið upp á róleg verkefni í lok dags. Eftir kl. 16:15 sameinumst við Ljósheimum og hefur það samstarf gengið vel.

### Tækifæri til úrbóta:

Næsta vetur langar okkur að fá einingakubba inn á deild, við viljum vinna meira með þá. Við ætlum líka að nota Bínu meira í samveru og öllu daglegu starfi. Þá ætlum við að halda áfram að hvetja börnin til að ganga frá eftir sig og að hjálpa þeim að lengja úthald sitt í þeim verkefnum sem þau velja sér.

### Uppeldisfræðilegar skráningar

#### Styrkleikar:

Starfið er mjög sýnilegt og auðvelt er fyrir foreldra að sækja sér upplýsingar um daglegt starf. Við erum dugleg að taka myndir og notum til þess Karelle appið. Á föstudögum er sett inn vikufrétt á heimasíðu leikskólans þar sem við segjum frá því sem við höfum verið að gera í þeirri viku. Við höfum einnig verið dugleg að útbúa mynda- og textaskráningar sem hengdar eru upp í fataklefanum þar sem við segjum frá ákveðnum viðfangsefnum sem unnin hafa verið á deildinni. Við hengjum upp og skiptum reglulega út myndum sem börnin hafa teiknað eða málað. Við skráum á hverjum degi hvað við höfum verið að gera þann daginn á mánaðardagatalið okkar sem má finna á upplýsingatöflunni við fataklefann. Svo höfum við verið duglegar að taka myndir af ferlinu þegar börnin eru að vinna að ákveðnum verkefnum, og prenta út.

### Tækifæri til úrbóta:

Við ætlum að vera enn duglegri næsta vetur að prenta út myndir af daglega starfinu til að hengja upp í hæð barnanna svo þau geti rifjað upp viðfangsefni vikunnar. Auk þess ætlum við að gera fleiri skráningar á viðfangsefnum.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgða r-aðilar	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Viðmið um árangur
Læsi	Bók vikunnar.  Halda áfram að bæta við það sem við erum nú þegar að gera.	Skiptast á að velja bóka flokk.	Deildarstjóri í samstarfi við aðra starfsmenn deildarinnar.	Allt árið	Allt árið	-Gátlisti um læsishvetjandi umhverfi. -TRAS listar. -Orðaskil.  Endurmat í nóvember á því hvernig til tekst.	Rýna í TRAS og Orðaskil. Fara í gegnum gátlista yfir hvernig skuli vinna með læsi innan deildarinnar.
Vináttuverkefni í Barnaheilla	-Koma inn föstum Vináttu stundum. -Grípa oftari í spjöldin dagsdaglega. -Hengja upp umræðu spjöldin.	Útbúa möppu með skráningarblöðum.	Deildarstjóri/Blæs -teymið	1. 10. 2023	1.6. 2024	Endurmat í desember á því hvernig til tekst.	Rýna í samskipti barnanna – huglægt mat.
Barna-sáttmálinn	Efla lýðræðisstarf innan deildarinnar.  Auka vinnu með barnasáttmálann í samstarfi við Barnasáttmálateymi leikskólans.	Kjósa oftari um viðfangsefni.	Allir á deildinni	Allt árið	Allt árið	Endurmat í janúar á því hvernig til tekst.	Aukið lýðræðisstarf innan deildarinnar.  Vinna markvisst með ákveðnar greinar barnasáttmálans.

Daglegt starf	<p>Fá einingakubba inn á deild.</p> <p>Vinna markvissar með Bínu.</p> <p>Efla börnin í að lengja úthald í verkefnum og frágangi.</p>	<p>Bæta einingakubbum inn sem námsleið fyrir börnin.</p> <p>Kenna börnunum og styðja við æskilega hegðun í öllum aðstæðum leikskólastarfið.</p> <p>Kenna börnunum sjálfstæð vinnubrögð.</p>	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar	Allt árið	Allt árið	<p>Vera meðvitaðar um þau markmið sem við setjum okkur og hvernig við viljum vinna með börnunum dags daglega.</p> <p>Endurmat í október á því hvernig til tekst.</p>	<p>Börnin læra að umgangast einingakubba.</p> <p>Börnin eflast í sjálfstæðum vinnubrögðum og verða öruggari í öllum aðstæðum leikskólastarfsins.</p>
Uppeldisfræðilegar skráningar	Hafa myndir af starfinu sýnilegar fyrir börnin.	<p>Prenta reglulega út myndir og hengja upp.</p> <p>Ákveða saman hversu oft ábyrgðaraðili fylgir eftir.</p>	Deildarstjóri/Hóps tjóri hvers árgangs.	Allt árið	Allt árið	<p>Vera vakandi fyrir því að teknar séu reglulega myndir og prentaðar út</p> <p>Endurmat í nóvember á því hvernig til tekst.</p>	Börnin fara að rifja upp það sem þau gerðu og sýna foreldrum sínum myndirnar

## 2.7. Skólaárið 2022-23 voru eftirfarandi þættir starfsins metnir:

Við bjuggum til nokkur teymi innanhús eins og Umhverfismennt, Barnasáttmála, Læsi og Blæ, þar sem reglulegir fundir voru haldnir. Kennarar telja þetta vera árangursríka leið til að styrkja og efla skólamenningu Tjarnarás. Með þessu erum við að virkja alla starfsmenn. Stefnum að því að halda því áfram veturinn 2023-2024.

Kaflinum heilbrigði og vellíðan úr skólanámskránni var metinn og tengdur við barnasáttmálann,

### Húsnæði og lóð:

Daglegt eftirlit með húsnæði og garði er í höndum starfsmanna leikskólans með ábyrgð leikskólastjóra. Athugasemdum er komið til leikskólastjóra sem kemur þeim áfram til húsvaðar á vegum Regins. Lóð er svo yfirfarin af húsverði og hann kallar til viðeigandi aðgerða ef þurfa þykir. Sumarið 2022 fór verktaki frá Regin yfir útisvæði og málaði leiktækin. Í sumar verður halli á lóð undir kastala hækkaður og grasmottur settar undir. Einnig verður tré og gróður snyrtur. BSI á Íslandi skoðaði síðast leiksvæðið 2019.

### Ytra mat:

Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats:

Skólapúlsinn vinnustaðgreining var send út í apríl 2023. Svarhlutfall í könnuninni var 76,2%. Helstu niðurstöður eru þær að starfsfólk er í heildina ánægt í starfi. Í könnuninni kom þó í ljós starfsaðstæður mættu vera betri og miðstýring frá bænum mætti vera minni.

Fyrir komandi starfsár er áætlað að halda áfram að vinna á sama hátt og áður þar sem leikurinn er hafður í fyrirrúmi með aukna áherslu á læsi og stærðfræði út frá þeim ramma sem áætlun um bættan námsárangur í Hafnarfirði hefur sett.

### Umbótaáætlun vegna innra mats:

Er á hverri deild fyrir sig, sjá hér fyrir ofan.

### Umbótaáætlun vegna ytra mats:

Farið var yfir starfsmannakönnunina á skipulagsdegi en kom hún ágætlega út að flestu leiti. Starfsfólk talaði um of mikla miðstýringu frá bænum og að starfsandinn mætti vera betri. Starfsfólki finnst mikið álag hafa verið síðastliðinn vetur sérstaklega eftir að full vinnustytting kom inn og aukin undirbúningur kennara. Skrifinska hefur aukist með tilkomu Brúarinnar og biðlistar fyrir börn með sérþarfir eða framburðargalla lengst.

### Úrbætur:

Til að minnka álag bæði á starfsfólki og börnum ætlum við að reyna að skipta börnunum meira í minni hópa t.d. úti og inni og nýta þannig húsnæði betur. Við höfum fækkað fundum utan hefðbundins vinnutíma. Allt starfsfólk ætlar að leggja sig fram um að bæta samstarf milli deilda. Sýna hvort öðru virðingu og umburðarlyndi.

### Áherslur leikskólans næsta starfsár:

Eins og fram kemur í úrbótaáætlun ætlum við að halda áfram að vinna á sama hátt og áður með áherslu á frjálsa leikinn og nám í gegnum leik. Áfram verður lögð áhersla á þátttöku, frumkvæði og sköpun barnanna og boðið upp á fjölbreytt verkefni sem ýta undir sjálfstæði þeirra og virkni þannig að þau eigi sem besta möguleika á að tengja námið við fyrri reynslu sína og byggja við þá þekkingu sem

þau hafa þegar öðlast. Verkefni sem lögð eru fyrir börnin þurfa að vera krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt sem jafnframt samræmast aldri og þroska hvers einstaka barns. Við ætlum að halda áfram að vinna með læsi og stærðfræði, bæði á formlegan og óformlegan hátt.

### 3. Starfsmannamál

#### 3.1. Starfsmannahópurinn 1. Maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
<b>Leikskólakennarar</b>	4	100%	<b>B. Ed</b>
	1	80%	<b>B.ed.</b>
	1	80%	<b>B.ed. og diplóma</b>
	1	97,5	<b>B.ed.</b>
	2	100%	<b>M.ed</b>
	1	100%	<b>B.ed og diplóma</b>
<b>Leikskólasérkennari</b>	1	100%	<b>B.ed og diplóma í sérkennslu</b>
	1	80%	
<b>Þroskaþjálfari</b>	2	100%	
<b>Starfsmenn í leikskóla</b>	1	50%	<b>Efri bekkir grunnskóla</b>
	1	60%	<b>Efri bekkir grunnskóla</b>
	2	75%	<b>Stúdentspróf</b>
	2	91,88%	<b>Efri bekkir grunnskóla</b>
		100%	<b>Efri bekkir grunnskóla</b>
	5	100%	<b>Stúdentspróf</b>
	1	56,25%	<b>Iðnmeistarapróf</b>
1	100%	<b>Master í öðru</b>	
<b>Aðstoð í eldhúsi</b>	1	100%	<b>stúdentspróf</b>

#### 3.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru í mars og apríl. Þar var farið yfir meginverkefni starfsmanna, líðan og þróun í starfi, persónuleg markmið starfsmanns í starfi, samskipti á vinnustað bæði við yfirmann og aðra starfsmenn og skyldur og réttindi. Í starfsmannasamtölunum voru nýtt þar til gerð eyðublöð fyrir starfsmannasamtöl til starfsþróunar þar sem starfsmenn fengu viku til að meta eigin starfshæfni og fylla út og afhenda yfirmanni.

#### 3.3 Símenntun frá síðasta ári

Boðið upp á rafræn námskeið sem starfsmenn voru duglegir að nýta sér. Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri voru á stjórnendanámskeiði allan veturinn "Dare to lead" undir stjórn Ragnhildar Vigfúsdóttur markþjálfara. Sérkennslustjóri og þroskaþjálfari fóru á námskeið í Teacch hjá Ráðgjafa- og greiningarstöðinni.

Flest starfsfólk fór í námsferð til Helsinkí í Finnlandi þar sem farið var á fyrirlestra og heimsóknir til að kynna finnsku skólakerfi.

### 3.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Heilsdags námskeið með Ragnhildi Vigfúsdóttir í september

Einn starfsmaður lauk MT í leikskólafræðum og annar útskrifast eftir á eitt ár í MT

Skyndihjálpanámskeið á vorönn

Ýmis netnámskeið m.a. læra á nýtt kerfi "Völuna"

## 4. Aðrar upplýsingar

### 4.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum voru 80 börn
- Kynjahlutfall, drengir 41, stúlkur 39
- Dvalarstundir 673
- Deildargildi er 4,32
- 4 börn nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur greiningarviðmið (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað) voru 18
- 4 börn eru með fæðuofnæmi
- 4 börn eru með fæðuþol
- 5 börn eru með annað móðurmál en íslensku
- Fjöldi tungumála hjá börnum í Tjarnarási voru 8
- Þjóðerni forsjáraðila eru íslensk, filippseysk, norsk, ungversk, tælensk, pólsk og rússnesk. Niger-Kordofanian

### 4.2 Foreldrasamvinna

Markmið foreldrasamvinnu er m.a.:

- að rækta samvinnu og samskipti leikskóla og heimilis
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og fá upplýsingar um barnið frá foreldrum
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Áhersla er lögð á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum við þá til að leita til okkar. Við sendum foreldrum tölvupóst reglulega og erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt.

### Foreldrasamtal

Tilgangur foreldrasamtals er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið og framgang þroska og náms þess. Boðið er upp á foreldrasamtal tvisvar á ári eða oftar ef þörf krefur eða foreldrar óska. Í vetur bauðst foreldrum að fá foreldrasamtalið bæði rafrænt eða með fundum innanhúss.



Þrír fulltrúar foreldra sitja í foreldraráði. Helstu verkefni fyrir veturinn 2022-2023 voru að lesa yfir skóladagatal, skólanámsskrána og starfsáætlun.

Fjórir fulltrúar eru í foreldrafélaginu sem sá um vorhátíðina sem fram fór í byrjun júní þetta árið.

#### 4.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Veturinn fór vel af stað Við gátum haldið jólaball í Áslandsskóla eins og við erum vön að gera, en fengum að koma og sjá helgileikinn þeirra sem er settur upp ár hvert. Eftir áramót voru takmarkanir ekki eins miklar og elsti árgangur leikskólans komst í skólaheimsóknina nú í vor, sem er mikilvægur liður í aðlögun þeirra á milli skólastiga. Í þeirri heimsókn mæta börnin og eru fullan skóladag inni í fyrsta bekk, taka með sér nesti, fara í íþróttir og eru í kennslustund, hádegismat og frímínútum. Einnig var elsta hópnum boðið að koma á morgunstund hjá fyrsta bekk í Áslandsskóla. Við bindum miklar vonir við að samstarfið haldi áfram að vera jafn gott og það hefur alltaf verið á komandi skólaári.

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Almennar upplýsingar

• Síðastliðinn vetur voru 6 skipulagsdagar í leikskólanum, 15. og 16. September vegna námsferðar starfsfólks til Finnlands. 14.nóvember, 27.febrúar og 19.maí Þrír voru á sama tíma og í grunnskólum bæjarins. Morgunfundirnir voru fjórir en þá morgna opnaði leikskólinn kl 10:00 það voru 18,október, 6. desember, 10.janúar og 18.apríl

- Skipulagsdagar skólaárið 2023-24 verða 6 talsins
- 15. september,13. nóvember, 26. febrúar, 5. apríl og 10.maí
- Einum skipulagdegi er skipt niður á fjóra morgunfundi frá kl 8.00-10.00
- 12. október, 7. desember, 11.janúar og 6. júní

### 5.2 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans:

- **Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:**
- einelti
- ofbeldi
- annað
- **Viðbragðsáætlun við:**
- slysum
- áföllum
- heimsfaraldri
- annað

#### Öryggisáætlanir

- Rýmingaráætlun
- Vinnuverndaráætlun
- Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina  
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>
- Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans undir – Skólastarfið -

#### Starfsáætlanir

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um einelti
- <http://tjarnaras.leikskolinn.is/tjarnar%C3%A1s/eineltis%C3%A1%C3%A6tlun%202017.pdf>
- Rýmingaráætlun
- <https://tjarnaras.leikskolinn.is/tjarnar%C3%A1s/da%C3%B0i/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun%202022/r%C3%BDmingar%C3%A1%C3%A6tlun%20um%20bj%C3%B6rgun%20%C3%BAr%20bruna%202022.pdf>

- Áfallaáætlun
- <http://tjarnaras.leikskolinn.is/tjarnar%C3%A1s/%C3%A1falla%C3%A1%C3%A6tlun%202018.pdf>
- Viðbragðsáætlun

- <http://tjarnaras.leikskolinn.is/tjarnar%C3%A1s/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlu%20n%202018.pdf>
- Jafnréttisáætlun
- [http://tjarnaras.leikskolinn.is/tjarnar%C3%A1s/jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlu%20lei%20leiksk%C3%B0ans%20tjarnar%C3%A1ss%202018%20\(1\).pdf](http://tjarnaras.leikskolinn.is/tjarnar%C3%A1s/jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlu%20lei%20leiksk%C3%B0ans%20tjarnar%C3%A1ss%202018%20(1).pdf)
- Öryggishandbók leikskóla
- [http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok\\_leikskola\\_2014.pdf](http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf)

## 6. Fylgirit

### 6.1 Matsgögn

#### 6.1.1 Læsi hvetjandi umhverfi - Gátlisti eldri deild

	Í lagi	Ekki í lagi	Athug
<b>Umhverfi deildarinnar:</b>			
Er deildin er vel skipulögð og aðlaðandi?			
Er efniviður og leiksvæði barnanna skýrt merkt?			
Er til staðar veggspjald með myndrænu stafrófi í hæð barnanna?			
Eru algeng orð höfð til sýnis í hæð barnanna?			
Eru ljóð, söngvar og útdrættir úr sameiginlegri textagerði sýnilegt börnunum?			
Er ritmál sýnilegt á öllum svæðum; s.s. upplýsingatafla, miðar, nöfn?			
Les kennarinn og vísar til þess ritmáls sem er sýnilegt á deildinni?			
Er boðið upp á hlustunarhorn með aðgengi að sögum og söngvum?			
Býður dagskipulagið upp á nægan tíma fyrir sjálfstæð verkefni?			
Eru bækur og annar læsishvetjandi efniviður (t.d. skriffæri, leikföng tengd bókstöfum og orðum) í boði á öllum svæðum, og þeim skipt út reglulega?			
Eru listaverk barnanna til sýnis á öllu svæðum í þeirra sjónhæð?			
<b>Bækur og lestur:</b>			
Sjá öll börnin bókina vel þegar lesið er fyrir hóp?			
Er til gott úrval af viðeigandi lesefni?			
Taka börnin virkan þátt í lestrarstund?			
Eru börnin að auka við orðaforða sinn í lestrarstund?			
Er bóka „horn“ sem er notalegt og vel skipulagt?			
Er nóg úrval bóka fyrir börnin að velja úr (5 bækur per barn)?			
Eru bækurnar sýnilegar, aðgengilegar og í hæð barnanna ?			
Er boðið upp á menningarlega fjölbreyttar bækur á móðurmáli allra barnanna?			
Er nóg pláss til að kennari geti setið og lesið með börnunum?			
<b>Efniviður:</b>			

Endurspeglar efniviðurinn ólíka menningu innan barnahópsins?			
Hafa börnin gott aðgengi að stafrófsbókum?			
Hafa börnin aðgang að þrívíddar bókstöfum?			
Hafa börnin aðgang að litum, blýöntum og pappír?			
Hafa börnin aðgang að góðu rými þar sem þau geta stundað listsköpun?			
Hafa börnin aðgengi að fjölbreyttu úrvali bóka?			
Hafa börnin aðgang að spilum og öðru leikefni sem ýtir undir þekkingu þeirra á bókstöfunum?			
Er fjölbreytt úrval af efnivið fyrir hlutverkaleik?			

Er efniviður í hlutverkaleik sem inniheldur algengt prentað efni, s.s. tómar pakkningar og merkimiðar og býður upp á textagerð (skrifbækur, litir o.s.frv.)?			
<b>Mál og læsis verkefni:</b>			
Er lesið fyrir börnin á hverjum degi?			
Er skipulögð málörvun á hverjum degi?			
Eru börnin hvött til að gera tilraunir með þykjustuskrift?			
Eru börnin reglulega æfð í rými í gegnum spil, leiki, þulur o.s.frv.?			
Er hvatt til notkunar á tungumálinu með þulum og söngvum?			
Eru börnin hvött til að nota orðaforða sinn yfir daginn?			
Nota kennarar opnar spurningar til að hvetja börnin til frásagnar?			
Eru ný orð kynnt reglulega og farið yfir hvað þau þýða? (í lestrarstund eða í samræðum)			
Eru börnin hvött til að leysa vandamál og ágreining með orðum?			
Eru börnin æfð í að klappa atkvæði reglulega?			
Er börnunum kennd hljóðin í bókstöfunum? (í gegnum leik og daglegt starf)			
Eru vettvangsferðir nýttar í að skoða ritmálið í umhverfinu?			
Eru börnin hvött til að merkja myndir með nafninu (stafnum) sínu?			
Fá börnin tækifæri til að segja sögur sem kennarinn skrifar niður eftir þeim?			
<b>Foreldrasamvinna:</b>			
Eru foreldra hvattir til að lesa daglega fyrir börnin sín?			
Upplýsingum um málörvun og læsi er miðlað til foreldra á fundum og með tölvupósti/bæklingum/heimasíðu?			
Foreldrar eru hvattir til að nýta sér reglulegar skoðanir ungbarnaeftirlits?			

Tungumál og menning hvers barns er sýnilegt í leikefni, bókum, söngvum og orðaforða?			
Hvert barn er skoðað/metið reglulega með tilliti til málþroska og upplýsingum er miðlað til foreldra (TRAS, HLJÓM 2)?			
Ef upp kemur grunur um seinkaðan málþroska eru viðeigandi skref tekin í samstarfi við foreldra?			
<b>Kennarinn:</b>			
Hljóðar stundum orð þegar verið er að lesa fyrir börnin?			
Kynnir reglulega inn ný orð þegar verið er að lesa fyrir börnin?			
Á reglulega í upplýsandi samræðum við börnin um þeirra áhugasvið (t.d. fékkstu ís? hvernig heldur þú að hann sé búin til)?			
Hvetur börnin til að tjá sig um reynslu sína?			
Spyr greinandi spurninga í tengslum við textann meðan lesið er fyrir börnin og hvetur þau til að tjá sig?			
Hvetur börnin til að tjá sig í heilum setningum?			
Heldur utan um málþroska hvers barns með skráningum?			
Kennir börnunum að skrifa nafnið sitt?			
Les fyrir hvert barn reglulega og nýtir þá stund til að tengja persónulega við hvert barn?			
Tekur þátt í hlutverkaleik barnanna og hvetur þau til að nota ný orð?			
Notar lýsandi og fjölbreyttan orðaforða í samskiptum og í leik með börnunum?			
Sýnir þú börnunum reglulega notkun ritaðs máls, með því að skrifa með þeim lista, bréf, o.s.frv..			

### 6.1.2 Læsi hvetjandi umhverfi - Gátlisti yngri deild

	Í lagi	Ekki í lagi	Athug
<b>Umhverfi deildarinnar:</b>			
Er deildin er vel skipulögð og aðlaðandi?			
Er efniviður og leiksvæði barnanna skýrt merkt?			
Er til staðar veggspjald með myndrænu stafrófi í hæð barnanna?			
Eru algeng orð höfð til sýnis í hæð barnanna?			
Eru ljóð, söngvar og útdrættir úr sameiginlegri textagerði sýnilegt börnunum?			
Er ritmál sýnilegt á öllum svæðum; s.s. matseðill, upplýsingatafla, miðar, nöfn?			
Les kennarinn og vísar til þess ritmáls sem er sýnilegt á deildinni?			

Er boðið upp á hlustunarhorn með aðgengi að sögum og söngvum ásamt heyrnatólum?			
Býður dagskipulagið upp á nægan tíma fyrir sjálfstæð verkefni?			
<b>Efniviður:</b>			
Eru plast/tré stafir til að hjálpa börnunum að læra nöfn og form stafanna?			
Eru litir, blýantar og pappír aðgengilegur fyrir börnin?			
Er fjölbreytt úrval af efnivið fyrir hlutverkaleik?			
Er efniviður í hlutverkaleik sem inniheldur algengt prentað efni, s.s. tómar pakkningar og merkimiðar?			
<b>Bækur og lestur:</b>			
Er boðið upp á fjölbreytt úrval af myndabókum sem börnin hafa auðveldan aðgang að? eru bækurnar með stóru lettri, litríkum myndum og ljósmyndum?			
Er lesið fyrir börnin á hverjum degi?			
Hafa börnin óheftan aðgang að stafrófsbókum?			
Er farið á bókasafnið reglulega?			
Er bókum skipt út reglulega?			
Eru lesnar fyrir börnin bækur í bundnu máli, og bækur sem innihalda endurtekningar og fyrirsjáanlegan texta?			
Er talað um bókina áður en hún er lesin, s.s. hvað er bókarkápa, framhlið, bakhlið, rithöfundur, titill o.s.frv.?			
<b>Mál og læsis verkefni:</b>			
Er skipulögð málörvun á hverjum degi?			
Er hvatt til notkunar á tungumálinu með þulum og söngvum?			
Eru börnin hvött til að nota orðaforða sinn yfir daginn?			
Nota kennarar opnar spurningar til að hvetja börnin til frásagnar?			
Eru ný orð kynnt reglulega og farið yfir hvað þau þýða? (í lestrarstund eða í samræðum)			
Eru börnin hvött til að leysa vandamál og ágreining með orðum?			
Eru börnin æfð í að klappa atkvæði reglulega?			
Er börnunum kennd hljóðin í bókstöfunum? (í gegnum leik og daglegt starf)			
Eru vettvangsferðir nýttar í að skoða ritmálið í umhverfinu?			
Eru börnin hvött til að merkja myndir með nafninu (stafnum) sínu?			
Eru börnin hvött til að nota „þykjustuskrift“?			
Er farið reglulega í leiki sem þjálfar rím?			
Fá börnin tækifæri til að segja sögur sem kennarinn skrifar niður eftir þeim?			
<b>Foreldrasamvinna:</b>			

Eru foreldrar hvattir til að lesa daglega fyrir börnin sín?			
Upplýsingum um málörvun og læsi er miðlað til foreldra á fundum og með tölvupósti/bæklingum/heimasíðu?			
Foreldrar eru hvattir til að nýta sér reglulegar skoðanir ungbarnaeftirlits?			
Tungumál og menning hvers barns er sýnilegt í leikefni, bókum, söngvum og orðaforða?			
Hvert barn er skoðað/metið reglulega með tilliti til málþroska og upplýsingum er miðlað til foreldra (TRAS)?			
Ef upp kemur grunur um seinkaðan málþroska eru viðeigandi skref tekin í samstarf við foreldra?			
<b>Kennarinn:</b>			
Lestu fyrir hvert barn reglulega og nýtir þá stund til að tengja persónulega við hvert barn?			
Tekur þú þátt í hlutverkaleik barnanna og hvetur þau til að nota ný orð?			
Notar þú lýsandi og fjölbreyttan orðaforða í samskiptum og í leik með börnunum?			
Sýnir þú börnunum reglulega notkun ritaðs máls, með því að skrifa með þeim lista, bréf, o.s.frv..			

### 6.1.3 Vináttuverkefni

Vinnuáætlun og endurmat á vináttuverkefni



# Vináttu

## Fri for Mobberi

Vinnuáætlun og endurmat á vináttuverkefni

---

Vikan:	Starfsmaður:	Nr. Spjalds:	Hvernig er áætlað að vinna með spjaldið?	Hvernig gekk? Er eitthvað sem mátti fara betur?



## 6.2 Aldursskipt námsskrá

Aldursskipt námsskrá (í stöðugri vinnslu og endurmati)

Námsskrá fyrir 2-3 ára

Markmið

*Daglegar venjur:*

- Að börnin læri að þekkja fötin sín
- Að börnin læri að þekkja hólfíð sitt
- Að börnin læri smátt og smátt að klæða sig sjálf
- Að börnin læri að fara röð
- Að börnin læri að þvo sér um hendurnar.
- Að börnin noti mottur fyrir verkefni og gangi frá þegar þau hætta
- Að börnin borði sjálf og drekki úr glasi Læsi:
- Að börnin þekki Lubba finnur málbein
- Að börnin þekki lögin í Lubbi finnur málbein
- Að börnin læri stafinn sinn og einhver hljóð
- Að börnin læri einfaldar þulur
- Að börnin fái þjálfun í að hlusta á aðra og tjá sig í hóp (t.d. hópastarf/samvera).

### *Stærðfræði:*

#### *Að börnin kynnist tölustöfum*

- Að börnin þekki talnagildi upp í 5
- Að börnin kynnist einföldum formum; þríhyrningur, hringur, ferhyrningur
- Að börnin kynnist litunum og þekki grunnlitina

#### *Sköpun:*

- Að börnin fái tækifæri að vinna með fjölbreyttan og ólíkan skapandi efnivið; fingramálning, þekjulitir, vatnslitir, leir, kubbar, hlutverkaleikur

### *Leiðir*

#### *Daglegar venjur:*

- Byrja á að kenna þeim að klæða sig með því að hjálpa þeim að finna fötin til og aðstoða þau.
- Þegar það er komið fara þá að koma inn með myndirnar í hvað á að fara.
- Setja lítið í glasið og kenna þeim að halda á því og sýna þeim hvernig á að halda á hnífapörum. Sýna þeim matarsiði við matarborðið.
- Kenna þeim að sækja mottuna, leggja hana niður og ná í verkefni. Aðstoða þau til að byrja með.
- Sýna og kenna þeim hvernig á að standa í röð
- Sýna og kenna þeim hvernig á að þvo hendur

#### *Læsi:*

- Tvískiptir hópar í vinnu með Lubbi finnur málbein
- Nota hópastarf og samverustundir í Lubba og bókstafina
- Hafa bókstafina sýnilega
- Fara með og kenna þulur reglulega

### *Stærðfræði:*

- Hafa tölustafina sýnilega á deildinni
- Vinna með talnagildin í hópastarfi
- Hafa formin sýnileg í umhverfinu, tala um þau og vinna með þau í hópastarfi og samverustund
- Hafa litina sýnilega í umhverfinu, tala um þá og vinna með þá í hópastarfi og samverustundum.
- Sköpun:
- Nýta hópastarf og frjálsan leik í að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið
- Vera með börnunum í leik og kenna þeim að nota efniviðinn

## Markmið

### Námskrá fyrir 3-4 ára

#### *Daglegar venjur:*

- Að börnin séu sjálfbjarga í fataklefanum, klæði sig í/úr og gangi frá
- Að börnin geti fylgt tveggja liða fyrirmælum
- Að börnin eigi jákvæð og virk samskipti
- Að börnin tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum
- Að börnin séu tillitssöm og hjálpsöm
- Að börnin þekki nafn foreldra sinna, heimilisfang og afmælisdag
- Að börnin þekki helstu líkamshluta

#### *Læsi:*

- Að börnin haldi áfram að kynnast Lubba
- Að börnin heyri fjölbreytt og vandað mál
- Að börnin auki orðaforða sinn
- Að börnin læri að þekkja stafinn sinn
- Að börnin geti hlustað á sögur
- Að börnin geti sagt frá einfaldri atburðarrás og hlustað á aðra segja frá

#### *Stærðfræði:*

- Að börnin byggi ofan á þekkingu sína á tölustöfum
- Að börnin kynnist fjölbreyttum formum
- Að börnin þekki litina
- Að börnin þekki og noti stærðarhugtök (Stór-lítill, stærstur-minnstur, stuttur-langur), afstöðuhugtök (við hliðina, á móti, bakvið, á, í, efst, neðst, fyrstur, síðastur, fyrir aftan, fyrir framan) og fjöldahugtök

#### *Sköpun:*

- Að börnin noti rétt grip
- Að börnin geti teiknað einfalda höfuðfætlu
- Að börnin nái að halda rétt á skærum og beita þeim rétt

## Leiðir

#### *Daglegar venjur:*

- Hvetja börnin til að reyna sjálf og ekki grípa of fljótt inn í
- Nota skýr og einföld fyrirmæli
- Æfa börn í framsögn í samverustundum og hópastarfi
- Veita börnunum tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og setja hugsanir sínar í orð.
- Hvetja börnin til að tjá sig og deila fyrir framan hóp

#### *Læsi:*

- Óheftur aðgangur að bókum og textum
- Læsi hvetjandi efniviður og umhverfi
- Bjóða upp á fjölbreyttar sögur/bækur í lestrarstundum
- Vinna markvisst með Lubba í samverustundum

- Að starfsfólk sé góð málfyrirmynd, noti fjölbreyttan orðaforða

#### *Stærðfræði:*

- Hafa tölustafina sýnilega á deildinni
- Vinna með talnagildin í hópastarfi og samverustundum
- Hafa formin sýnileg í umhverfinu, tala um þau og vinna með þau í hópastarfi og samverustund
- Hafa litina sýnilega í umhverfinu, tala um þá og vinna með þá í hópastarfi og samverustundum.
- Að stærðfræðihugtök séu notuð í daglegu starfi

#### *Sköpun:*

- Nýta hópastarf og frjálsan leik í að bjóða upp á fjölbreytan efnivið
- Vera með börnunum í leik og kenna þeim að nota efniviðinn

## Markmið

### Námskrá fyrir 4-5 ára

*Þema: Fjölmening, dygðir, ég sjálf/ur, líkami minn, fjölskyldan og nánasta umhverfi:*

- Að barnið sé meðvitað um líkama sinn
- Að barnið sé meðvitað um mismunandi fjölskyldubönd
- Að barnið sé meðvitað um við erum ekki öll eins.
- Markmiðið með dygðavinnu er að barnið beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að barnið sé meðvitað um heilbrigði og hollustu
- Að barnið skynji og læri að meta sitt nærumhverfi. Áhersla á læsi (lesskilningur, orðaforði, hljóðkerfisvitund)
- Að efla hreyfiþroska
- Að efla stærðfræðivitund.
- Að leggja inn hljóð (bókstafi)

*Læsi:*

- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund barnsins
- Að unnið sé með hlustunar- og athyglisleiki
- Að unnið sé með hin ýmsu hugtök og eflingu orðaforða
- Að lesnar séu stuttar sögur og framhaldssögur
- Búum til sögur – sögugrunnur
- Að unnið sé með vísur og ljóð
- Að unnið sé með andheiti / samheiti

*Stærðfræði:*

- Að barnið skilji helstu hugtökin
- Að barnið læri um formin
- Að þjálfar rökhugsun
- Að barnið læri um fjölda
- Að barnið læri tölutáknin allavega frá 0 upp í 10 og skilji þau

## Leiðir

*Þema: Fjölmening, dygðir, ég sjálf/ur, líkami minn, fjölskyldan og nánasta umhverfi:*

- Hópavinna
- Markviss málörvun (rím, samstöfur, samsett orð, orðahlutaeyðing, hljóðgreining, hljóðtenging), ritmál sýnilegt, sögulestur og unnið með orð í tengslum við sögu.
- Stærðfræði, form, stærð, fjöldi, tölutákn sýnileg
- Hreyfing, vettvangsferðir, útivera
- Könnunaraðferð, einingakubbar, holukubbar, samverustund - frjáls leikur
- Listsköpun, kanna efnivið, liti og form, þemavinna.

*Læsi:*

- Markviss málörvun ( rím, samstöfur, samsett orð, orðahlutaeyðing, hljóðgreining, hljóðtenging) og ritmál er sýnilegt
- Orðaspjallsaðferð (unnið með orð í tengslum við sögulestur)
- Læra þulur og texta (söguteppi og ótrúleg eru ævintýrin)

- Tjá sig í hópavinnu og samverustundum
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst (Læsi)
- Hlustun og myndun hljóða

*Stærðfræði:*

- Könnunaraðferð
- Heimspekilegar samræður, ýmis stærðfræðispil / leikir
- Einingakubbar, Legó
- Holukubbar
- Tölutáknin sýnileg
- Formin sýnileg
- Numicon stærðfræðikubbar

## Markmið

### Námskrá fyrir 5-6 ára

*Námskrá / þema: Árstíðirnar, nærumhverfi mitt, ég sjálf/ur, líkami minn, fjölskyldan, elstu barna verkefni og bærinn minn, Bjartir dagar:*

- Að barnið öðlist þekkingu á heimabæ sínum og nánasta umhverfi
- Að barnið þekki hin ýmsu kennileiti bæjarins (Áslandið, Ásfjallið og Ástjörnina, Hvaleyrina).
- Að barnið þekki árstíðirnar.
- Að barnið sé meðvitað um líkama sinn.
- Að barnið sé meðvitað um heilbrigði og hollustu
- Að barnið sé meðvitað um mismunandi fjölskyldubönd
- Að efla hreyfiproska
- Að efla hlustunarskilning, auka orðaforða og styrkja hljóðkerfisvitund
- Að leggja inn hljóð (bókstafir)
- Að kenna barninu að draga rétt til stafs
- Að efla stærðfræðivitund
- Að brúa bilið á milli leik-og grunnskóla
- Að stuðla að vellíðan og öryggi við að flytjast á milli skólastiga
- 
- Læsi:
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund barnsins
- Framsögn
- Andheiti og samheiti
- Sérnöfn og samnöfn
- 
- Stærðfræði:
- Barnið skrifi tölustafi, lögð áhersla á 1-20
- Barnið kynnist formum - hringur, þríhyrningur, ferningur og ferhyrningur • Að þjálfra rökhugsun

## Leiðir

*Námskrá / þema: Árstíðirnar, nærumhverfi mitt, ég sjálf/ur, líkami minn, fjölskyldan, elstu barna verkefni og bærinn minn, Bjartir dagar:*

- Hópavinna
- Könnunaraðferð - Árstíðirnar
- Könnunaraðferð - bærinn minn
- Markviss málörvun (rím, samstöfur, samsett orð, orðahlutaeyðing, hljóðgreining, hljóðtenging) – sögulestur – sögugerð
- Stærðfræði - numicon stærðfræðikubbar - einingarkubbar – holukubbar – montessori
- Skriftar- og hljóðainnlögn
- Ritmál / tölutákn sýnilegt
- Hreyfing
- Samverustund
- Frjáls leikur

- Mottuvinna
- Útivera

#### *Læsi:*

- Unnið með hlustunar- og athyglisleiki (nefnihraði)
- Unnið með hin ýmsu hugtök og eflingu orðaforða
- Lesnar stuttar sögur og framhaldssögur
- Unnið með þulur, vísur og ljóð
- Unnið með sögu- og ljóðagerð
- Vinna með Lubbi finnur málbein
  - -Lagt er inn eitt hljóð í viku. Sama hljóð fyrir allar deildir leikskólans
  - -Við kennum heiti hljóðanna, hljóðin æfð,
- Skoðum hvert ferðinni hjá Lubba er heitið hverju sinni. Hvar er þessi staður á Íslandi.
- Hver hefur komið þangað og finnum út á landakortinu hvar staðurinn er.
- Unnið með lesáttina – lesteppi
- Barnið æfir sig í stafagerð og skriftarátt
- Hljóð og bókstafir. Bókstafir klipptir út úr blöðum, leiraðir, bakaðir, smíðaðir og borðaðir

#### *Stærðfræði:*

- Unnið er með tölustafi, magn og hugtök
- Tölustafir teiknaðir, smíðaðir, leiraðir og bakaðir
- Numicon stærðfræðikubbar , einingakubbar og holukubbar
- Montessori verkefni



### 6.3 Læsi áætlun 2023-24

#### Eldri deildir

	Stafainnlögn	Lestur	Bókasafn	Skimanir	Orðaforði
<b>Eldri deildir</b>	Lubbi finnur málbein. Elstu börnin fá stafainnlögn yfir veturinn	Lesið daglega fyrir litla hópa	Bókasafnsferðir með elstu börnin tvisvar á önn.	HLJÓM-2 lagt fyrir elstu börnin að hausti, endurtekið í janúar fyrir þau sem koma illa út. Tras skráningar fyrir aðra árganga. Hvetja foreldra til að fara með börnin sín í 4 ára skoðun	Unnið með orðalista.
	Stafir sem leikefni		Spurning með bókasafnið í Áslandsskóla fyrir elstu börnin		
<b>Hljóðkerfisvitu nd</b>	<b>Framsögn</b>	<b>Sérstök verkefni</b>	<b>Sögugerð</b>	<b>Snemmtæk íhlutun í málörvun</b>	<b>Samstarf</b>

	Vinna með rím á fjölbreyttan hátt; hópastarfi og samveru. Klappa samstöfur, vinna með samsett orð, bæði setja saman orð og orðhlutaeyðingu. Hljóðgreining stafa í tengslum við Lubbi finnur málbein, hlustum eftir fyrsta hljóði orðs og tengjum við stafi	Æfa börnin í að standa frammi fyrir hóp og segja frá. Láta börnin endursegja sögur og kvæði.	Sögugerð í hópastarfi eða samverustundum. Sögurnar skráðar og teiknaðar.	Börn sem koma illa út úr Tras fara í litla málörvunarhópa. Börn sem koma illa út úr HLJÓM-2 fá viðeigandi íhlutun	Samstarf við Áslandsskóla, leikrit, heimsóknir á bókasafn, gestir í morgunstundum.
--	--	--	--	---	--

#### Yngri deildir

	Stafainnlögn	Lestur	Bókasafn	Skimanir	Orðaforði
Yngri deildir	Lubbi finnur málbein. Stafir sem leikefni.	Lesið daglega fyrir litla hópa.	Nýta bókasafn leikskólans, skipta reglulega út bókum, láta börnin taka þátt.	Tras frá 2 ára aldri. Orðaskil fyrir öll 3 ára börn. Hvetja foreldra til að fara með börnin sín í 2 ára skoðun.	Unnið með orðalista
	Rætt um stafi barnanna.				Orð vikunnar
Hljóðkerfisvitund	Framsögn	Sérstök verkefni	Sögugerð	Snemmtæk íhlutun í málörvun	Samstarf

Innlögn á einföldu rími, þulur og samstöfur.	Börnin æfa sig í að syngja fyrir hópinn eða segja frá.		Börnunum sagðar sögur og þeim boðið að koma með hugmyndir, t.d. á sögupersónum/dýrum og atburðum.	Þau börn sem koma illa út á TRAS/Orðaskil eru sett í viðeigandi málörvunarhópa.	Samstarf milli deilda.
--	--	--	---	---	------------------------

#### 6.4 Árshjól SMT 2023-24

Tímabili	Hvað er gert?	Ábyrgðaraðilar	Lokið
24.sep	Verkefnaáætlun kynnt.	SMT teymi	
24. sept.	Farið yfir skýr fyrirmæli og óskýr fyrirmæli á skipulagsdegi. Finna út hvaða reglur vantar á hvert svæði	Eygló/Hjördís	
24.sep	Skipulagsdagur. Örnámskeið SMT fyrir nýja starfsmenn. Reglur kynntar. Verkfærakassinn	Eygló/Hjördís	
27 sept. – 1. okt.	Allar deildir taka inn reglurnar í samveru og hópastarfi	Allar deildir	
4. okt.	Allar deildir leggja inn reglurnar í samverustund/hópastarfi: hafa hendur og fætur hjá sér, nota inniröddina.	Allar deildir	
11.okt	Allar deildir leggja inn reglurnar í samverustund/hópastarfi: vera á sínu svæði, hlusta á þann sem er að tala.	Allar deildir	
18. -22. okt	Kenna reglu á því svæði sem reglan er á: aðstoða hvert annað, sitja í sínu sæti/sínu plássi	Allar deildir	
25.- 29. okt	Starfsmenn æfa sig í hrósi og að gefa hrósi gaum, reynum að eiga ánægjulega viku og verum dugleg að hrósa á fjölbreyttan hátt börnum og starfsfólki. – útfært betur síðar.	Allir starfsmenn	
1. -5. nóv	Finna út hvaða reglur vantar á hvert svæði, prenta út og bæta við.	Allar deildir	
8 – 12 nóv	Kenna reglu á því svæði sem reglan er á: klæða sig í og úr á sínu svæði, sturta niður og þvo og þurrka hendur.	Allar deildir	
1 - 12. nóv.	Skráningar í deildum	Allir	
15. nóv.	Skipulagsdagur. Hrósvika kynnt fyrir starfsfólki. SMT ratleikur	Allir	
15. nóv.	Unnið úr skráningum. Skráning í þríhyrning	Allar deildir	
Nóv-des	SET Listinn	Hjördís /Eygló	

22.nóv – 3. des	Farið yfir skráningarferlið í SET listanum og unnið úr skráningum.	Dagbjört/Eygló	
Des.	Endurskoðun á möppunni. Fara yfir hana og taka út gamalt efni.	Deildirnar	
7. feb. -19. feb.	Skráningar á deildum	Allar deildir	
21. feb.	Samantekt á skráningum SMT þríhyrningur lagður fyrir	Allar deildir	
22. apríl Skipulagsdsagur	SMT hópefli-BINGÓ		
veitingar á kaffistofu	Allar deildir		
25.maí	Starf vetrarins metið á skipulagsdegi	Allir	
Í júní	Farið yfir hvernig veturinn hefur gengið, unnið nýtt árshjól.	SMT teymi	

## 6.5 Leikskóladagatal

## 6.6 Umsögn foreldraráðs

*Hjördís Fenger*

---

Leikskólastjóri